


K.s.f. HÖRÐUR 50 ára



1919 — 27. maí — 1969



JENS KRISTMANNSSON:

ÁVARP

Er við stöldrum við á þeim merku tímamótum í sögu félags okkar, sem telja verður 50 ára afmælið, vaknar sú spurning fyrst í huga manns, að líklega hefur þeim tólf ungu og vösku drengjum, er stofnuðu Knattspyrnufélagið Hörð þann 27. maí 1919, ekki komið í hug að samtök þau er þeir bundust í Sundstræti 41, ættu eftir að verða jafn mörgum ungum mönnum og konum athvarf til hollrar og góðrar tómstundaiðju, eins og raun hefur á orðið.

Hörður var í upphafi einungis stofnaður til framdráttar hinni vinsælu íþrótt, knattspyrnunni, en smátt og smátt bættust aðrar íþróttir í hópinn og starfsemi félagsins vex hröðum skrefum. Nú er svo komið að Hörður hefur á stefnuskrá sinni allar þær íþróttagreinir er iðkaðar eru hér á landi, að einni undanskilinni, fjölbragðaglímunni.

Hörður hefur á þeim 50 árum, er hann hefur starfað, gefið ungum mönnum og konum tækifæri til þess að þjálfa og stæla líkamann, og veitt þeim félagslegan þroska og andlega heilbrigði. Þótt

sumir finni veilur í starfsemi íþróttafélaganna, dylst þó engum, að markmiðið er göfugt og ætlað þjóðinni til góðs. Íþróttafélögin í landinu hafa unnið mikið starf með því að veita æskunni afdrep í tómstundum í hollu umhverfi og góðum félagsskap.

Ungu mönnunum tólf, er ruddu brautina og stofnuðu Hörð, verður seint eða aldrei þakkað að fullu það framtak. Brautryðjendastarfið var erfitt og oft misskilið, þar sem lítils skilnings almennings og valdhafanna var að vænta. Við fögnum því nú, að allur þorri þjóðarinnar skilur starf okkar. Það er fyrir löngu viðurkennt, sem einn stærsti skerfurinn til uppeldis æskunnar í landinu. Þess vegna fögnum við Harðverjar því að geta talizt traustur hlekkur í keðju íþróttasamtakanna.

Við íþróttamenn mælum daglega afrek okkar í metum, mínútum og mörkum, en þó vitum við að ræturnar ná dýpra, því markmiðið er að skapa upplitsdjarfa og dugandi æsku, sem hlýtur að vera hornsteinninn að framtíð þjóðarinnar. Harðverjar! höldum merki brautryðjendanna hátt á lofti og eflum félag okkar og dáðríkt íþróttastarf, okkur sjálfum til góðs og bænum okkar til sóma.

Jens Kristmannsson.



HAMRABORG
YÐAR
OKKAR

AGUR
AGUR

Hafnarstræti 1

Túngötu 21

Við óskum Harðverjum til hamingju á þessum merku tímamótum.

Megi glæsilegt starf vera æskunni hvatning til dáða.

Munið að drengskapur og heiðarleiki er kjarni góðra íþróttar.

Heilbrigð sál í hraustum líkama er undirstaða góðs þjóðfélags.

Verzlunin HAMRABORG



Lið Harðar, sem vann fyrstu keppni um Leósbikarinn



Guðmundur M. Niels Guðmundss.



Guðm. L. P.



Haukur Ben.



Gunnlaugur Guðm.



Herbert Sigurjóns.



Högni Þórðarson



Guðm. Ben.



Guðm Í. Guðm.



Sveinn Ellíasson




Guðm. Herm.





GUÐMUNDUR HERMANSSON:

Hvað ungur nemur sér gamall temur



Í tilefni af þeim merku tímamótum nú, þegar Ksf Hörður er fimmtíu ára, tel ég mér bæði ljúft og skylt að bera fram innilegar árnaðaróskir. Mér finnst hins vegar ótrúlegt, að Hörður sé orðinn fimmtugur svo stutt finnst mér síðan við héldum upp á þritugsafmælið. Þá var ég enn þá vestur á Ísafirði og hafði keppt með öllum flokkum félagsins í knattspyrnu og mörgum greinum frjálsra íþróttar, í þó nokkur ár.

Ég hefi sérstaka ástæðu til að þakka þessu félagi, þakka allar ánægjustundirnar og þakka Harðverjum góð kynni.

Ég minnst bernskuáranna heima á Ísafirði þar sem barnsskónum var slitið á fótboltaæfingum með jafnöldrum í Herði. Ég sé fyrir mér strákahópinn, sem mætti síðdegis hjá Halldóri heitnum Sigurgeirssyni, en ég innritaðist í félagið einmitt hjá honum sumarið 1934. Oft hefi ég hugsað um það síðan hve einstaklega natinn hann var við drengina sína. Halldór og Ksf. Hörður uppskárú líka rikuleg laun umhyggju hans fyrir þeim yngstu, svo að vel hefur félaginu vegnað.

Samkvæmt íþróttadagbók minni tók ég þátt í fyrstu knattspyrnukeppninni með Herði haustið 1937. Hörður sigraði Vestra í III. flokki með 3:0. Undirstöðuatriðum í frjálsíþróttum kynntist ég hjá ágætum þjálfurum og góðum félögum, Tryggva Þorsteinssyni, Bjarna Bachmann og Guttormi Sigurbjörnssyni og það tel ég að hafi verið mér happadrjúgt. Og hver getur ekki verið mér sammála um að þar sannist að „hvað ungur nemur, sér gamall temur“.

Ég hefi nú í allmörg ár fylgzt með Herði úr fjarlægð, en ég man eftir hinum ötulu fórnfúsu og áhugasömu mönnum, sem störfuðu og kepptu fyrir félagið okkar í bernsku þess. Þeir lögðu grunninn og mörkuðu stefnuna. Þó að skipzt hafi að sjálfsögðu á skin og skúrur, hefir félagið eflzt og alltaf haft góða íþróttamenn innan sinna vébanda. Að sjálfsögðu eru íþróttasigrar góðir, en þó ekki aðalatriðið. Tilgangur íþróttastarfsemi á að vera að ná til fjöldans og stuðla að því að æskufólk æfi íþróttir. Þjálfun íþróttar styrkir líkamann, kennir fólki að vinna saman að ákveðnu marki, eflir þar með félagsþroskann og skapar nýttari þjóðfélagsþegna.

Megi íþróttastarfsemi Harðar eflast og blómgast svo að félagið haldi áfram að gegna forystuhlutverki í íþróttalífi Vestfirðinga. Ég vona, að það eigi ávallt



SIGURÐUR JÓHANNSSON:



Kveðja frá Í.B.Í.

Mér er bæði ljúft og skylt að festa á blað nokkrar línur í tilefni 50 ára afmælis knattspyrnufélagsins Harðar á Isafirði. Mér er það ljúft vegna þess, að fyrstu raunverulegu kynni mín af íþróttum voru innan ramma þess félags og frá þeim árum á ég margar og góðar æskuminningar. Ber þar ekki neinn skugga á, þótt svo færi, að ég ilengdist ekki í röðum Harðverja.

Allt frá stofnun Íþróttabandalags Isfirðinga hefir Hörður átt aðild að Bandalaginu og þar, sem á öðrum vettvangi, hafa forustumenn félagsins á hverjum tíma stuðlað af fremsta megni að framgangi hinna sameiginlegu áhugamála, íþróttunum. Þá hefir félagið átt aðild að sérráðum Bandalagsins frá stofnun þeirra. Hafa Harðverjar gegnt fjölda

í sínum röðum dugmikla forustumenn og að glæsilegt og þróttmikið íþróttafólk fylki sér undir hið fallega merki þess.

Með íþrótt- og félagskveðju og afmælisóskum.

Guðmundur Hermannsson.

trínaðarstarfa innan þessara samtaka. Fyrir þetta standa heildarsamtökin í þakkarskuld.

Það fer eftir því við hvað er miðað, hvort við teljum 50 ár langan tíma eður skamman. Eitt er þó ljóst, að við búum í allt öðru þjóðfélagi í dag, en fyrir hálfri öld, og við upphaf þess tímabils hefir svo samarlega þurft hugsjónir til að ráðast í stofnun íþróttafélags. En sumir draumar rætast og svo hefir farið hér, enda þótt að sjálfsögðu séu enn ærin verkefni fyrir stafni. Harðverjar hafa því nóg að keppa að í næstu framtíð og vissulega ættu þeir að hafa þann kyndil að leiðarljósi, er stofnendur félagsins kveiktu fyrir fimm áratugum.

Í nafni Íþróttabandalags Isfirðinga þakka ég Herði og Harðverjum þeirra mikla starf að íþrótt- og æskulýðsmálum og ég vil hvetja þá til að halda áfram á þeirri braut, sem gengin hefur verið, æskulýð Ísafjarðar til heilbrigðis og þroska og bæjarfélaginu til heilla, um leið og félaginu eru sendar afmælis-kveðjur og framtíðaróskir.

Sigurður Jóhannsson.



Þættir úr sögu Harðar

Þegar rita á annál íþróttafélags um tuttugu ára skeið er stundum erfitt úr að ráða hvað skal taka og hverju sleppa.

Saga Harðar hefur ekki verið skráð, á prenti, síðan á þrjátíu ára afmæli félagsins og verður því reynt að gera nokkur skil þeim tuttugu árum, sem liðin eru síðan síðasta afmælisrit kom út.

Þá tel ég bezt fara á því að gefa þeim manni orðið, sem gerst þekkir sögu félagsins frá upphafi.

Helgi heitinn Guðmundsson, bakameistari, var í mörg ár formaður félagsins. Um stofnun Harðar segir hann svo í ræðu, sem hann flutti á fimmtán ára afmælisfagnaði félagsins: „Árið 1919, 27. maí, var stofnað Knattspyrnufélagið Hörður í Sundstræti 41. Stofnendur voru: Karl, Þorsteinn og Guðbrandur Kristinsynir, Kristján og Jón Albertssynir, Hjörtur og Garðar Ólafssynir, Þórhallur Leósson, Dagbjartur Sigurðsson, Ólafur Ásgeirsson, Helgi Guðmundsson og Axel Gíslason.

Undirbúningsfundur var haldinn á Grund og nokkru síðar stofnfundur í Sundstræti 41.

Fyrsta stjórn félagsins var þannig skipuð: Þórhallur Leósson, formaður, Dagbjartur Sigurðsson, féhirðir, og Helgi Guðmundsson, ritari.

Áður nefndir stofnendur félagsins höfðu ávallt spilað með Ksf. Ísafjarðar, án þess að vera löglegir félagar. Einnig höfðu þessir menn æft knattspyrnu á svonefndu Riistúni og voru allslyngir knattspyrnumenn í þá daga“.

1949:

Árið 1949 verður Hörður 30 ára og er þessara tímamóta minnst á veglegan hátt t.d. með út-

gáfu afmælisblaðs og afmælistóta í frjálsum íþróttum, knattspyrnu og skíðum.

Á frjálsíþróttamóti þessu kepptu auk Harðverjanna og Vestramanna 6 eða 7 frjálsíþróttamenn úr Í.R. Í tilefni hingað komu sinnar gáfu ÍR ingarnir Herði í afmælisgjöf Íþróttalæxikon 6 bindi á norsku í vönduðu skinnbandi og nær Læxikon þessi yfir allar íþróttir í heiminum frá því í fornöld og fram til ársins 1947.

Á þessu ári fer hópur íþróttamanna úr Herði og Vestra til Færeyja, voru þetta bæði knattspyrnu- og frjálsíþróttamenn. Var þetta í fyrsta sinn sem ísfirzkir íþróttamenn fóru út fyrir landsteinana í keppnisför.

Eins og fram kemur hér að framan eru frjálsar íþróttir í miklum blóma á þessu ári og munu Harðverjarnir, sem kepptu þetta árið



Frjálsíþróttamenn úr Herði 1943

Fremri röð frá v.: Þórólfur Egilsson, Guðm. Hermannsson, Guðm. Í. Guðmundsson, Jón Erlendsson. Aftari röð frá v.: Óskar Sumarliðason, Jónas Helgason, Haukur Benediktsson, Guðm. L. P. Guðmundsson, Guðm. Benediktss.




hafa verið um 15. Þar sem íþróttahreyfingin á Ísafirði hefur um margra ára skeið verið á hrakhólum með húsnæði fyrir starfsemi sína, eru allar skýrslur um mót þetta árið glataðar. Því verður ekki getið neinna sérstakra afreka hér. Þó skal þess getið að Guðmundur Hermannsson er bezt frjálsíþróttamaður félagsins og hlýtur Dagbjartarbikarinn þetta ár.

Knattspyrnan er stunduð mikið af Harðverjum og helzti keppinauturinn Ksf. Vestri.

1950:

Mjög mörg skíðamót eru haldin hér innan héraðs á vegum S.R.Í. og eru Harðverjar keppendur á þeim öllum og standa sig vel.

A-sveit Harðar sigrar í boðgöngu um Harðarbikarinn, Haukur Sigurðsson sigrar í svigi um Grænagarðsbikarinn. Í keppni um svigbikar kvenna sigrar Karólína Guðmundsdóttir. Í



Þórólfur Egilsson og Albert Ingibjartsson



Gunnlaugur Jónasson og Guðm. Hermannsson

Vestfjarðamótum eiga Harðverjar þessa sigurvegara: í Brunni B-fl. og C-fl. Í svigi B-fl. og C-fl., kvennaflokk og drengjaflokk. Í göngu 13-15 ára, í stökki 17-19 ára og 15-17 ára. Harðverjar sigrar einnig í stökki um Skíðafélagsbikarinn. Á þessu ári eru 62 einstaklingar keppendur á skíðamótum hér heima. Lið Í.B.Í. í 1. flokki kvenna, er Íslandsmeistari í handknattleik utan húss.

Knattspyrna er mikið stunduð og er keppt hér í innanhéraðsmótum og standa Harðverjar sig vel. Frjálsar íþróttir eru mikið iðkaðar af Harðverjum þetta árið og eru virkir frjálsíþróttamenn félagsins 15.

1951:

Þann 10. apríl er Frjálsíþróttaráð Ísafjarðar stofnað og eru stofnfélög þess: Hörður, Vestri og Ármann. Mörg frjálsíþróttamót eru haldin og árangur góður hjá Harðverjum. Á afmælis-móti Vestra sigrar Guðmundur Hermannsson í kúluvarpi og kringlukasti. Albert K. Sanders sigrar í hástökki og Gunnlaugur Jónasson í langstökki.

Á Jónsmessumóti sigrar Gunnlaugur Jónasson í 100 m og 400 m hlaupi og Albert Sanders í hástökki. Á drengjamóti Vestfjarða eiga Harðverjar sigurvegara í hástökki, kúluvarpi og þristökki.

Í víðavangshlaupi sem er 2,5 km sigrar Ólafur Þórðarson, Herði. Á frjálsíþróttamóti Vestfjarða sigrar Harðverjar í 400 m hlaupi, langstökki, þristökki, kúluvarpi, kringlukasti og fimmtarþraut. Hörður fær flest stig eða 58. Á septembermóti sigrar Guðmundur Hermannsson í kúluvarpi, kringlukasti og spjót-kasti.

Á afrekaskrá frjálsíþróttasambands Íslands þetta ár á Guðmundur Hermannsson þriðja bezta árangur á landinu í kúluvarpi og tíunda í kringlukasti. Gunnlaugur Jónasson á tíunda bezta árangur á landinu í langstökki.

Á árinu gekkst félagið fyrir skíðanámskeiði fyrir börn, sem haldið var í Stóruð.

Harðverjar taka þátt í öllum skíðamótum innan héraðs og standa sig vel. Á Skíðamóti Íslands, sem haldið er hér á Ísafirði keppa Harðverjar fyrir S.R.Í. og eru sigursælir. Karólína Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari í brunni, svigi og Alpatvíkeppni kvenna. Haukur Sigurðsson er Íslandsmeistari í svigi og Alpatvíkeppni karla. Sveit Ísfirðinga sigrar í



boðgöngu á þessu móti. Í sveitakeppni í svigi á Skíðamóti Íslands sigrar sveit Ísfirðinga, en í sveitinni voru Harðverjarnir Haukur og Jón Karl Sigurðssynir og Ármennsingarnir Gunnar og Oddur Péturssynir.

Knattspyrna er mikið stunduð af Harðverjum þetta ár. Harðverjar taka þátt í öllum innan-héraðsmótum sem haldin eru og standa sig vel. 1. flokkur Harðar sigrar Vestra 6:1 í keppni um Leósbikarinn. Handknattleikur er nokkuð mikið stundaður þetta ár eins og mörg önnur.

1952:

Harðverjar eru þátttakendur í öllum skíðamótum innan héraðs og er árangur þeirra með ágætum. Tveir Harðverjar taka þátt í Kolviðarhólmstótinu í Reykjavík, þær Jakobína Jakobsdóttir og María R. Gunnarsdóttir og standa sig mjög vel.

Hörður heldur skíðanámskeið í Stóruð og eru þátttakendur 78. Kennari er Jón Karl Sigurðsson. Harðverjar eru meðal þátttakenda S.R.Í. á skíðamóti Íslands og standa sig vel. Martha B. Guðmundsdóttir verður Íslandsmeistari í svigi og Alpatvíkeppni kvenna og Haukur Sigurðsson í svigi karla.

Harðverjar stunda vel frjálsar íþróttir þetta árið og gangast fyrir innanfélagsmóti. Þar er keppt í hástökki og kúluvarpi. Hástökkið



1. fl. Harðar, sem vann Leósbikarinn 1951. Fremri röð frá v.: Gunnar Örn Gunnarsson, Albert Ingibjartsson, Jóhann R. Simonarson, Guðm. Í. Guðmundsson, Guðm. Benediktsson. Aftari röð frá v.: Ólafur Þórðarson, Gunnar Sumarliðason, Sveinn Eliasson, Albert Karl Sanders, Jón Karl Sigurðsson, Rögnvaldur Þórðarson.

sígraði Albert Sanders, en kúluvarpið Guðmundur Hermannsson. Meðal annarra móta, sem haldin eru þetta ár má nefna frjáls-íþróttamót Vestfjarða og hvítasunnumót F.R.Ís., en á því móti á Hörður sigurvegara í öllum greinum: Í 100 m hlaupi Jón Kristmannsson, í kringlukasti og kúluvarpi Guðmund Hermannsson, í hástökki Albert Sanders, í langstökki Gunnlaug Jónasson, í spjót-kasti Albert Ingibjartsson.

Í knattspyrnu, sem er mikið stunduð þetta árið er Hörður þátttakandi í öllum mótum innan héraðs og standa Harðverjar sig mjög vel. Harðverjar stunda handknattleik þetta ár eins og áður, en þó er aðallega æft í 1. flokki kvenna.

1953:

Auk þess að taka þátt í öllum skíðamótum innan héraðs og innanfélagsmótum Harðar, eru Harðverjar þátttakendur í Skíðamóti Íslands á vegum S.R.Í., og standa sig vel þar eins og á innanhéraðsmótum.

Marta B. Guðmundsdóttir verður Íslandsmeistari í svigi kvenna og Jakobína Jakobsdóttir verður Íslandsmeistari í stórsvigi kvenna. Sveit S.R.Í. sigrar í sveitakeppni í svigi, en í sveitinni eru þrír Harðverjar, þeir: Haukur og Jón Karl Sigurðssynir, Einar Valur Kristjánsson og Oddur Pétursson úr Ármanni.

Á þessu ári er hafin bygging á búningsklefum við íþróttavöllinn á Grund. Knattspyrna er mikið stunduð þetta ár, þótt ekki hafi verið keppt í innanhéraðsmótum nema í 1. flokki. Var sá leikur milli Harðar og Vestra og lauk með sigri Harðar. Lið Í.B.Í. tók þátt í Íslandsmóti í 1. flokki og lék þrjá leiki og tapaði öllum. Nokkuð er um heimsóknir þetta árið og kemur hingað meistaraflokkur úr Víking og leikur tvo leiki og sigrar Víkingur annan, en hinn er jafntefli. Íslandsmeistarar meistaraflokks Í.A., er hér í heimsókn og leikur hér tvo leiki annan við Í.B.Í. en hinn við Hörð. 1. flokkur Vals kemur í heimsókn og leikur tvo leiki og sigrar Valur annan, en hinn er jafntefli. Hörður fær heimsókn 3. flokks úr KR og 4. flokk Vals og leikur hvor flokkur tvo leiki.

Handknattleikur er nokkuð stundaður hjá konum og körlum.

Lið Í.B.Í. tók þátt í Íslandsmóti 1. fl. í úti-handknattleik kvenna og urðu þær sigurvegarar. Sgra Tý, Vestmannaeyjum í úrslitaleik.



GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON:

Sundurlausir þankar

Ætlun mín með þessu greinarkorni er að reita lauslega saman sundurlausa þanka frá vori skíðaíþróttarinnar í Ksf. Herði.

Það uxu margir efnilegir skíðamenn upp á þessum árum í bænum, enda eðlilegt, því að almennur áhugi ríkti meðal bæjarbúa, og margt var gert til að hlúa að skíðaíþróttinni. Vil ég þar nefna lýsinguna á Stóruðinni, sem hafði geysilega þýðingu fyrir skíðafólkið. Það bókstaflega tæmdust göturnar af unglingum á vetrarkvöldum. Þeir runnu á ljósin í Urðinni.

Ég tel, að þetta atriði hafi lyft verulega undir getu skíðamannanna. Félagsstarfsemin í Herði, á þessum árum, var með eindæmum fjörug og þróttmikil og þá voru unnin stórvirki.

Vil ég þar nefna byggingu Harðarskálans, en allur efniviður var borinn fram allan dal á herðum Harðverja, en eitthvað var þó reitt á hestum. Margir lögðu hönd á plóginn við þetta erfiða verk, sem bygging skálans var.



Frá skíðamóti 1952. Óli Lúðviksson leggur af stað í göngukeppni.



Vil ég þá sérstaklega nefna þá menn, sem báru hita og þunga verksins, Daniel Sigmundsson, byggingameistara skálans, Högni Þórðarson, þáverandi formann Harðar, Guanlaug Ó. Guðmundsson og Guðmund Benediktsson.


Þessir menn rektu forystuhlutverkið í byggingu skálans og gerðu það með sérstökum dugnaði og ósérhlífni.

Högni Þórðarson lagði sérstaka alúð og dugnað í formannsstarfið í Herði á þessum uppgangsárum félagsins og hugsa margir hlýtt til Högna fyrir ánægjulegt samstarf í félagsmálum Harðar.

Guðmundur Benediktsson vann skíðadeild Harðar mikið verk af sérstökum áhuga og eljusemi. Kom skipulagsgáfa, glaðværð og dugnaður Guðmundar að góðu liði, þegar til keppinnar kom. Allt var skipulagt og kortlagt í Prentstofunni Ísrún. Þar hafa skíðamenn ætíð átt öruggt húsaskjól.

Breidd Harðverjanna á skíðamótum þessara ára var mikil og get ég ekki stillt mig um að nefna nokkur nöfn: Haukur og Jón Karl Sigurðssynir, Jakobína Jakobsdóttir, Steinþór Jakobsson, Karólína Guðmundsdóttir, Marta B. Guðmundsdóttir, Jóhann R. Simonarson, Einar Valur Kristjánsson og er þó ótalinn meginþorri af skíðafólki frá þessum árum.

Skálinn var óspart notaður. Strax og hann var kominn undir þak byrjuðu útilegur. Á hverri helgi var hann troðfullur af fólki. Innan veggja Harðarskálans ríkti ætíð glaðværð



Kveðja

Á hálftrar aldar afmæli Knattspyrnufélagsins Harðar, er rétt að staldra við og líta um öxl, rifja upp í huga það sem á daga íþróttá og útilífs hefur drifið og þátt Harðarfélaga í uppbyggingu þeirra mála. Þetta starf er orðið mikið að vöxtum og margþætt, fyllir vafalaust margar síður prentaðs máls og verður ekki gerð frekari skil í þessu greinarkorni. Hverjum og einum einstaklingi, sem komið hefur nálægt íþróttaiðkunum eða íþróttafélagsmálum í þessu bæjarfélagi um lengri eða skemmri tíma, væri hollt að láta hugann reika í sjóði minninganna, vega og meta gildi þess fyrir andlegt og líkamlegt heilbrigði einstaklings og þjóðar hafa átt þess kost að vera félagi í hollum félagsskap íþróttafélags. Sá maður er heillum horfinn sem ekki finnur við slíka upprifjun, þakklæti til félags, sem gerði honum kleift að verða þessa aðnjótandi.

Ég vil fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Vestra færa Harðverjum innilegustu árnaðaróskir á þessum merku tímamótum.

Mig skortir orð til að rifja upp samstarf og keppni þessara félaga á íþróttasviðinu. Eitt er þó víst að það hafa verið háðir margir kappleikir og keppnir, þar sem á báða hóga hefur engin linkind verið sýnd. Þó hefur jafnan ráðið „kapp með forsjá“ og drengileg keppni.

Árnaðaróskir okkar Vestramanna eru, að Harðverjar verði í framtíðinni sem hingað til, harðir keppendur og góðir samstarfsmenn, íþróttá og félagslífi þessa bæjar til velfarnaðar.

*Pétur Sigurðsson,
form. Vestra.*

og gamansemi þeirra manna, sem reistu musterið yfir áhugasamt fólk í félaginu. Draumurinn um skálann hafði rætt, en Harðverjarnir áttu fleiri drauma: um raflínu upp eftir, um dráttarbraut, um stökkpall í Sandfellinu og fleira

Skíðaiþróttin var mikið stunduð af almenningi. Úr fjöldanum koma toppmennirnir. Skíðaiþróttin var og á að vera almennings-eign. Menn fóru á skíði sér til hressingar, heilsubótar og gleði. Tært loftslag, fögur fjallasýn ásamt létttri skíðaiðkun á Seljalandsdal, „Paradís skíðamanna“, vekur gleði og hamingjukennd.

Heill Harðverjum á hálftrar aldar afmælinu 27. maí.

Guðmundur Halldórsson.



Skíðamót drengja 1952.



Þættir úr sögu Harðar

1954 : Þegar rifjuð er upp saga félagsins fyrir þetta ár ber fyrst að nefna einhvern stærsta viðburð í sögu félagsins, þátttaka Harðverja í heimsmeistarakeppni á skíðum, sem fram fór í Áre í Svíþjóð í ársbyrjun. Skráðir voru 5 Harðverjar. Var það í fyrsta sinn sem íslenskar stúlkur tóku þátt í skíðamóti erlendis. Þessir voru skráðir í keppnina: Marta B. Guðmundsdóttir, systkinin Jakobína Jakobsdóttir og Steinþór Jakobsson og Haukur og Jón Karl Sigurðssonir. Því miður urðu keppendur okkar fyrir ýmsum óhöppum og slysum, áður en til keppni kom og sum þeirra gengu ekki heil til leiks. Á skíðamóti Íslands átti Hörður nokkra keppendur og urðu þeir félagi sínu og héraðinu til mikils sóma með frammistöðu sinni. Á mótum hér innan héraðs stóðu Harðverjar sig með þryði. Í þeim tólf keppnum, sem fram fara á vegum S.R.Í. sigruðu Harðverjar í 8.

Knattspyrna er mikið stunduð á árinu og fóru fram margir kappleikir. Í sambandi við 35 ára afmæli félagsins kom hingað í heimsókn um hvítasunnuna lið úr Þrótti, meistara-flokkur og 4. flokkur Fram. Hörður sigraði í meistaraflokki, en Fram í 4. flokki. Einnig kom hingað í boði Í.B.Í. lið frá Í.B. Suðurnesja.



Siglufjarðarfarar 1954. 4. flokkur.

Í ágúst þetta ár endurguldu Ísfirðingar boð færeysku félaganna H.B. og B-36 frá 1949 og tóku á móti þessum liðum. Leiknir voru tveir leikir við Færeyingana og sigruðu Færeyingar báða leikina með 4:1 og 3:0.

Keppnisferðalög voru minni á árinu en oft áður, en þó fer 4. flokkur Harðar í keppnisferð til Siglufjarðar og var þetta í fyrsta sinn sem yngsti flokkur félagsins fer í keppnisferð. Leiknir voru tveir leikir og sigruðu



4. flokkur 1953.

Siglfirðingar þann fyrri með 3:1, en jafntefli varð þann seinni.

Kappleikir í innanhéraðsmótum voru á þessu ári 8 og sigraði Hörður í 4 þeirra, 1 varð jafntefli og Vestri sigraði 3.

Stúlkur innan félagsins, æfðu töluvert handknattleik. Stúlkurnar léku einn leik við kvennaflokk úr Þrótti og sigruðu Harðarstúlkurnar með 2:0. Var þessi leikur í sambandi við 35 ára afmælið.

Lið Í.B.Í tók þátt í Íslandsmóti í handknattleik kvenna utanhúss, sem hald var á Ísafirði. Vestfjarðamótið sigraði Vestri í kvennaflokki, en ekki var keppt í karlaflokki. Í karlaflokki var keppt við lið frá Þrótti og sigruðu Þróttarar, einnig var keppt við lið frá Suðurnesjum og þá sigruðu Harðverjar.

Frjálsíþróttir eru ekkert stundaðar á vegum félagsins. Einnig liggur sundið alveg niðri.

1955 :

Fjölmörg skíðamót eru haldin innan héraðs og urðu Harðverjar sigursælir á þeim. Sigruðu í sveitakeppni í svigi eldri flokki. Af Vestfjarðamótum sigra Harðverjar brun A-flokk karla og kvennaflokk. Stökk karla, stökk norræn tvíkeppni, svig karla A-flokk og kvennaflokk. Einnig sigra Harðverjar stökkkeppni um Skíðafélagsbikarinn og svig um Grænagarðs-



Vestfirðameistarar 3. flokks 1955. Fremri röð frá v.: Jón Halldórsson, Hallsteinn Sverrisson, Benedikt Guðbjartsson, Jens Kristmannsson, Magnús Þórðarson, Óli B. Bjarnason, Birgir

Ólason. Aftari röð frá v.: Jóhannes Antonsson, Árni R. Árnason, Grétar Steinsson, Elvar Inga-son, Brynjólfur Sigurðsson, Kristmann Kristmannsson, Sæmundur Guðmundsson.

bikarinn, og kvennaflokk í hvítasunnumóti í stórsvigi. Einnig halda Harðverjar nokkur innanfélagsmót.

Harðverjar eru meðal keppenda S.R.Í. á Skíðamóti Íslands og standa sig vel. Jakobína Jakobsdóttir verður fjórfaldur Íslandsmeistari í Alpagreinum. Sigrar í svigi, stórsvigi, og bruni og Alpatvíkeppni og Haukur Sigurðsson, sigrar í bruni og Alpatvíkeppni.

Knattspyrna er mikið stunduð á þessu ári og standa Harðverjar sig vel. Eru meðal annars Vestfirðameistarar í öllum flokkum.

Handknattleikur er nokkuð stundaður þetta ár og eru Harðarstúlkurnar Vestfirðameistarar í 1. flokki kvenna.

1956:

Knattspyrnan er eitt aðalverkefni félagsins á þessu ári. Á vegum Harðar og Vestra er ráðinn hingað þjálfari fyrir alla flokka í knattspyrnu og er það Ellert Sölvason, úr Reykjavík, og var hann hér í tvo mánuði.

Heimsókn Knattspyrnuliða urðu allmargar á þessu ári og komu hingað meistaraflokkar úr Í.B.H., Reyni Sandgerði, Víking og K.R.. Einnig kom hingað 2. flokkur Vals.

Meistararflokkur Harðar og Vestra fór með tvö lið til Akureyrar og léku tvo leiki.

Lið Í.B.Í. leikur til úrslita í 2. deildarkeppniinni við Í.B.H. og Hafnfirðingar sigra. Sameiginlegur 3. flokkur úr Herði og Vestra fer í keppnisferð til Reykjavíkur og leika við 3. flokk úr K.R. og Val. Í innanhéraðsmótum var keppt í öllum flokkum nema 2. flokki. Í allt voru leiknir 9 leikir og sigraði Hörður í 4 þeirra. 1 varð jafntefli og Vestri sigraði í 4. Tvö handknattleiksmót fara fram innan héraðs. Var það Vestfirðamót í 1. flokki karla og kvenna. Í kvennaflokki voru keppendur Hörður, Vestri og Bilddælingar, en í karlaflokki Hörður og Vestri. Hörður varð Vestfirðameistari bæði í kvenna- og karlaflokki. Lið frá Í.B.Í. tók þátt í Íslandsmóti í úti-handknattleik kvenna.

Eitt frjálsíþróttamót var haldið hér í sambandi við Vestfirðingavökuna. Keppt var í 5 greinum: 100 m hlaupi. Það sigraði Birgir Valdimarsson, Herði. Í kúluvarpi, kringulkasti, langstökki og þristökki sigraði Emil Hjartarson frá Flateyri.

Skíðaíþróttin var mikið iðkuð af Harðverjum þetta ár. Voru þeir þátttakendur í öllum mótum, sem fram fóru á vegum S.R.Í. og Skíðamóti Íslands, sem hér var háð.

Harðverjar sigruðu í eftirtöldum mótum: Sveitakeppni í svigi, yngri flokkur. Vestfirðamót svig, A flokkur, Jón Karl Sigurðsson. Svig



Vestfjarðameistarar 1956



Handknattleikslíð Harðar — Fremri röð frá vinstri: María Gísladóttir, Steinunn Annasdóttir, Steingerður Gunnarsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Þorgerður Einarsdóttir, Marla Bibi Guðmundsdóttir, Sigrún Halldórsdóttir, Helga Gunnarsdóttir.

kvennaflokkur Jakobína Jakobsdóttir. Ganga 17—19 ára Guðbjörn Ingason. Í svigkeppni um Grænagarðsbikarinn í eldri flokki, Steinvör Jakobsson. Í hvítasunnumóti stórsvigi A fl.

sígraði Jón Karl Sigurðsson, í B fl. Birgir Valdimarsson. Í stökkmóti um Skíðafélagsbikarinn sígraði Jón Karl Sigurðsson.



Jakobína Jakobsdóttir hefur hlotið flesta meistaratilla íslenzkra skíðamanna. Vann hún samtals 19 meistaratilla í Alpagreinum.

1957:

Á þessu ári jókst til muna iðkun knattspyrnu hjá félaginu og munu um 80 félagar hafa tekið þátt í æfingum og keppt fyrir félagið t.d. var 4. flokkur svo fjölmennur að um 40 dreng-



Vestfjarðameistarar í handbolta 1953. Fremri röð frá vinstri: María Gísladóttir, Geirlaug Karlsdóttir, Sigrún Halldórsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Sólveig Helgadóttir, Jónína Einarsdóttir, Marla Bibi Guðmundsdóttir, Edda Konráðsdóttir.

ir, að meðaltali, sóttu æfingar. Þetta ár var keppt í öllum flokkum nema 2. flokki á innan-héraðsmótum.

Ísfirðingar tóku þátt í Íslandsmóti 2. deildar og komust það langt að leika úrslitaleik við Í.B.K. og lauk þeim leik með jafntefli 1:1 eftir tvíframlengdan leik.

Var Í.B.K. dæmdur sigur í 2. deild þetta árið. Á þessu ári fara knattspyrnumenn úr Herði og Vestra í keppnisferð til Noregs og Dan-



Frá Noregs- og Danmerkurför Í.B.Í. 1957.



merkur og voru þar heimsóttir vinabæir Ísafjarðar, Tönsberg í Noregi og Roskilde í Danmörku. Leiknir voru 4 leikir í förinni og töpuðu Ísfirðingarnir öllum leikjunum nema einum við K.F.U.M. í Roskilde, sem varð jafntefli 2:2. Ferð þessi var mjög vel heppnuð í alla staði.

Á þessu ári er handknattleikur lítið stundaður hjá körlum, en nokkuð hjá stúlkum í 1. flokki kvenna. Fara fram tveir leikir og sigrar Hörður þá báða, en í karlaflokki fer fram einn leikur og sigrar Vestri hann.

Harðverjar tóku þátt í víðavangshlaupi Í.B.Í. og þar sigraði Guðbjörn Ingason. Í drengjaboðhlaupi Í.B.Í. sigraði sveit Harðar.

Skíðaíþróttin var mikið stunduð af félagsmönnum á árinu og sigruðu Harðverjar í þessum mótum: sveitakeppni í svigi eldri fl. Haukur Sigurðsson varð Vestfjarðameistari í svigi A flokki og stökki.

1958:

Knattspyrna er mikið stunduð á þessu ári sem áður. Á árinu fer 4. fl. félagsins í keppnisferð til Akraness og er árangur drengja góður. Á árinu fara fram 8 leikir í innanhéraðsmót-




Knattspyrnulið Harðar 1. flokkur, sem vann KR. bikarinn 1958.

um og sigrar Hörður í 3, jafntefli er í einum og Vestri sigrar fjóra leiki.

Handknattleikur er mikið stundaður af stúlkum og fara fram tveir leikir og sigrar Hörður Vestfjarðamót, en Vestri 17. júní mótið.

Frjálsar íþróttir eru ekkert stundaðar, en þó fer fram víðavangshlaup Í.B.Í. og sigraði Guðbjörn Ingason Herði og drengjaboðhlaup Í.B.Í. þar sigraði sveit Harðar.

Fimleikar eru stundaðir þetta ár og fer fim-



Fimleikaflokkur Í.B.Í., sem sýndi á Laugar-dalsvellingum við víslu vallarins. Frá v.: Jón Ólafur Jónsson, Jón Kristmannsson, Guðbjartur Finnbjörnsson, Kristmann Kristmannsson,

Arinbjörn Arinbjarnarson, Albert Karl Sanders, Árni Sigurðsson, Ólafur Þórðarson, Magnús Þórðarson, Bjarni Bachmann, þjálfari.



leikaflokkur Í.B.Í. til Reykjavíkur og sýnir við vígslu Laugardalsvallar í Reykjavík, en í floknum voru allt Harðverjar nema einn, Árni Sigurðsson úr Ármanni.

Harðverjar stunda skíðaiþróttina af kappi þetta ár og eru þátttakendur hér heima og á Skíðamóti Íslands í nafni S.R.Í. Á því móti er Harðverjinn Marta B. Guðmundsdóttir þrefaldur Íslandsmeistari í Alpagreinum og Jón Karl Sigurðsson er í boðgöngu sveit S.R.Í., sem sigraði þetta ár.

1959:

Á þessu ári á Hörður 40 ára afmæli og var afmælisins minnst á þann hátt að haldin voru afmælistót í ýmsum íþróttagreinum. Knattspyrna er iðkuð mest af félagsmönnum og eru háðir hér 10 leikir í innanhéraðsmótum og sigrar Hörður í 9 þeirra en Vestri einn.

Knattspyrnuheimsóknir voru 4 á árinu og allar á vegum Í.B.Í. en þó léku Harðverjar við Hafnfirðinga, afmælisteik, og lauk honum með jafntefli 1:1.



Vestfjarðameistarar í handknattleik 1949. Fremri röð frá v.: Aðalheiður Guðmundsdóttir, Kristjana Guðmundsdóttir, Íslaug Aðalsteinsdóttir. Fremst: Guðmunda Guðmundsdóttir. Aftari röð frá v.: Guðriður Matthíasdóttir, Sigríður Hagalín, Rannveig Jónasdóttir.

Ísfirðingar tóku þátt í 2. deild eins og áður og 3. flokkur Í.B.Í. tekur þátt í Íslandsmóti. Handknattleikur er með lakara móti. Þetta ár var aðeins leikinn einn leikur, í 1. flokki kvenna milli Harðar og Vestra. Harðverjar tóku þátt í viðavangshlaupi Í.B.Í. og sigraði sveit Harðar.

Skíðaiðkun er talsvert stunduð. Í boðgöngu í yngra flokki sigrar sveit Harðar. Haukur Sigurðsson, Herði verður Vestfjarðameistari í 15 km göngu. Hann sigrar einnig Fossavatns-hlaupið.

1960:

Knattspyrnan er efst á blaði hjá Herði þetta árið, eins og mörg önnur. Í innanhéraðsmótum eru leiknir 11 leikir, en allir leikir 5. flokks falla niður vegna þess að aðeins Hörður tilkynnir þátttöku í þeim flokki.

Hörður sigrar í 7 leikjum, gerir tvö jafntefli og tapar tveimur.

Mikið er um heimsóknir knattspyrnuliða. Einkum á vegum Harðar og Vestra, í nafni Í.B.Í. Meistaraflokkur KR og Vals og 2. flokkur úr Fram eru hér í heimsókn. Ísfirðingar leika í 2. deild og komast í úrslit og léku þá við Í.B.H., sem sigrar. Í bikarkeppni K.S.Í. ná Ísfirðingar einnig langt þetta árið. Komast þeir í undanúrslit og leika þá við meistaraflokk KR. Lauk þeim leik með sigri KR eftir framlengdan leik. Leikur þessi var lengi á eftir nefndur myrkraverkið, en meirihluti framlengingarinnar er leikinn í myrkri, þannig að rétt sást á milli manna. Var úrslita markið skorað í síðari hálfleik framlengingar. 3. flokkur Í.B.Í. fer á Íslandsmót og er árangur hans sæmilegur. Handknattleikur er æfður nokkuð mikið af stúlkum, bæði í 1. og 2. flokki. Aðeins einn leikur fer fram. Er það Vestfjarðamót í 1. flokki kvenna milli Harðar og Vestra og sigraði Hörður þann leik. Frjálsar íþróttir eru lítið stundaðar þetta ár. Þó var haldið hér námskeið og var Valdimar Örnólfsson kennari.

Víðavangshlaup Í.B.Í. er háð og drengjaboðhlaup Í.B.Í. Hörður á sigurvegara í víðavangshlaupinu, bæði í einstaklingskeppninni og sveitakeppninni. Einnig sigraði sveit Harðar í drengjaboðhlaupinu.

Skíðaiþróttin er mikið stunduð af Harðverjum, þó ekki hafi verið mikið um sigra hjá fé-



laginu, sigraði sveit Harðar í boðgöngu, yngri flokki.

Á árinu gekkst Í.B.Í fyrir stofnun K.R.Í. og var Albert Karl Sanders fyrsti fulltrúi Harðar þar. Fyrsti formaður Knattspyrnuráðs var Friðrik Bjarnason.



Guðmundur Í. Guðmundsson og Albert Karl Sanders.

1961:

Á þessu ári, sem og mörgum öðrum, ber einna hæst hjá félaginu knattspyrnuna. Þetta sumar eru leiknir 18 leikir í innanhéraðsm. og er Hörður annar aðilinn í öllum þeim leikjum. Af þeim sigrar Hörður 11, 2 eru jafntefli, en Vestri sigrar í 5. Þetta sumar koma hingað í heimsókn meistaraflokks úr KR, Val og Í.B.K., 2. flokkur úr KR, 3. flokkur. Fram A og B lið og 3. og 4. flokkur Í.B.H.

Á árinu leika Ísfirðingar í annarri deild og eins og oft áður léku þeir í úrslitaleik. Nú við Í.B.K. og sigruðu Ísfirðingar þennan leik með 7:3 og öðluðust þar með rétt til að leika í fyrstu deild eftir 7 ára baráttu.

3. flokkur Í.B.K. fór á Íslandsmót og stóð sig sæmilega. 4. flokkur Harðar fer í ferðalag til Vestmannaeyja og Hafnarfjarðar.

Handknattleikur er nokkuð stundaður af stúlkum. Háðir voru tveir kappleikir milli Harðar og Vestra og lauk öðrum með jafntefli, en hinn sigraði Vestri.

Ksf. Vestri gekkst fyrir víðavangshlaupi í tilefni 35 ára afmælis síns og sigraði Kristján R. Guðmundsson, Herði.

Haldin voru tvö opinber sundmót. Var það Sundhallarmótið og afmælistót Vestra. Einn keppandi úr Herði var á Sundmeistaramóti Íslands. Var það Matthías Ragnarsson, og varð

hann 3. í 100 metra bringusundi drengja. Harðverjar fara ekki með mikla sigra úr afmælistóti Vestra, en standa sig þó nokkuð vel. Í 100 m skriðsundi er Björn Egilsson, Herði annar og í 100 m bringusundi karla er Björn þriðji og sveit Harðar sigrar. Í Sundhallarmótinu eiga Harðverjar 3. mann í bringusundi karla, 1., 3. og 4. í 50 m baksundi karla.

Skiðaíþróttin er mikið stunduð þetta árið. Skiðamót Íslands, er háð hér, svo og mörg innanhéraðsmót. Í Vestfjarðamóti í göngu, 15 km sigrar Jón Karl Sigurðsson, Herði. Sigurður Sigurðsson, Herði, er fjórði. Í 10 km göngu 17—19 ára sigrar Guðmundur Ágústsson, Herði. Í 5 km göngu 13—14 ára sigrar Finnur Birgisson, Herði.

Á Skiðamóti Íslands varð Harðverjinn Jón Karl Sigurðsson annar í 15 og 30 km göngu og Harðverjinn Jakobína Jakobsdóttir varð önnur í stórsvigi kvenna. Sigurvegari í svigi kvenna. Jakobína sigraði einnig í Alpatvíkeppni.

Á ársþingi K.S.Í. þetta ár barst það í tal milli nokkurra forráðamanna KR og fulltrúa Ísfirðinga á þingi K.S.Í. að KR hefði í hyggju að senda menn á þjálfaranámskeið í Vejle í Danmörku. Fyrir milligöngu Björgvins Schram, þáverandi formanns K.S.Í., fékkst leyfi fyrir einn mann í viðbót á þetta námskeið. Varð það að ráði að félögin Hörður og Vestri, Í.B.Í. og K.R.Í. sendu Albert Karl Sanders á þetta námskeið.




RAUSNARLEG GJÖF.

Magnús E. Baldvinsson, úrsmíðameistari í Reykjavík hefur tilkynnt, að hann muni færa félaginu að gjöf, í tilefni 50 ára afmælisins, 100 stk. silfurmerki félagsins. Stjórn Harðar færir Magnúsi beztu þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf.



FRÍÐRIK BJARNASON:

Knattspyrnufélagið Hörður 50 ára



Ég held að enginn Ísfirðingur, sem kominn er á miðjan aldur, og eldri, láti ekki hugann reika aftur til æskuáranna og fagurra minninga nú, þegar Knattspyrnufélagið Hörður á 50 ára afmæli. Á þar jafnt við, hvort um Harðverja eða Vestrafélaga er að ræða.

Löngum hafa þessir félagar háð harða keppni í ýmsum íþróttagreinum, sérstaklega þó í knattspyrnu. Vegna þess að bæði félögin voru byggð upp af sönnum hugsjónamönnum um íþróttir og líkamsrækt. Og lög félaganna eftir þeirri hugsun.

Drenglyndið er fyrir öllu í keppni og leik. Hafa þessir kappleikir gegnum árin ávallt farið drengilega fram. Leikmönnum Harðar og Vestra til sóma, og áhorfendum til ánægju.

Nú eiga Harðverjar 50 ár að baki. Fallega sögu, glæsilegan félags- og íþróttiferil, sem í gegnum árin hefur skilið eftir hjá Ísfirzkri æsku táp, hreysti og alla þá kosti, sem ungmenni má prýða, til að mæta lífssögunni. Hvort heldur ævistarfið er á landi eða sjó.

Oft er talað um hreysti og afburða dugnað Ísfirzkra sjómanna. Ekki er að efa, að þar hafa Hörður og Vestri lagt sinn skerf í veganesti, enda hleypur þeim oft roði í kinn, sjómönnunum. Hugurinn reikar til æskuáranna, er þær endurminningar ber á góma um borð

í einu Ísfirzku skipanna. Og þar er þá oft deilt um Hörð og Vestra, í gamni og jafnvel í hörðu. En aldrei er deilan það hörð, að um leið og skyldan kallar, eða komið er að landi, og gengið er frá skipi, eins og af leikvelli forðum, að deilan sé ekki gleymd og grafin.

Gæfa Harðar hefur fyrst og fremst byggst á því, að ávallt frá stofnfundi hafa afburðamenn farið með stjórntaumana, auk óteljandi úhugamanna og kvenna, sem ávallt hafa verið reiðubúin að leggja félaginu lið. Ég hygg að það sé einsdæmi á landinu að jafn ungir menn hafi tekið við stjórnartaumum íþróttafélaga eins og formenn Harðar og Vestra og stjórnað þeim með jafn góðum árangri, eins og sagan sýnir.

Formaður Harðar, Jens Kristmannsson kemur barnungur í stjórn Harðar árið 1957. Þá aðeins sextán ára. Tekur við formennsku 1960 og er það enn. Ég held að ég fari með rétt mál, er þetta



ár er liðið sé hann búinn að vera lengst allra formaður Harðar.

Pétur Sigurðsson formaður Vestra kemur sextán ára í stjórn Vestra 1950, er varaformaður í þrjú ár, tekur síðan við formennsku árið 1953, og hefur verið formaður síðan, lengst allra síðan Vestri var stofnaður.

Ég, Vestramaðurinn, er þetta rita, hef haft þá ánægju að stunda íþróttir og starfa fyrir mitt félag síðastliðin 25 ár. Og verið sá gæfumaður, að Hörður og Vestri hafa falið mér ýmiss trúnaðarstörf sameiginlega fyrir félögin, sem ég hef reynt að leysa eftir bestu getu. Og nú við þessi tímamót vil ég þakka Harðverjum fyrir traustið og allar ánægjustundirnar.

Margs er að minnast, og gaman væri að láta hugann reika um samstarfsmennina í Herði og nefna nöfn, en því miður er ekki rúm til þess. Ég held að ég geri engum Harðverja rangt til, þó að ég nefni heimili Harðar, undanfarin ár, Tangagötu 29. Húsmóðirin þar er sá Harðverji, er ég hef oftast beðið um hjálp, þegar mikið hefur staðið til. Og ávallt hefur hún verið reiðubúin, hvort

sem hún gat eða gat ekki. Hún gat heldur aldrei sagt nei. Var þá sama hvort ég bað hana að sjá um mat fyrir fjölda færeyskra íþróttamanna, oftast einu sinni, eða íslenska íþróttaflokka, og ýmiss veizluhöld, sem hún gerði ávallt án þess að þiggja greiðslu. Ávallt var svarið: Friðrik greiðið þið stúlkunum, sem hjálpuðu mér, en við tölum um mitt kaup seinna. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum, sem leið hefur átt hjá Tangagötu 29 undanfarin ár, hve oft hefur verið flaggað með íslensku fánalitunum á snúrurum, bak við húsið. Það segir sína sögu.

Harðverjar, mín heitasta ósk á þessum merku tímamótum ykkar er að um ókomna tíð megi ávalit halda um stjórnartaumana göfugir hugsjónamenn, eins og hingað til, sem verndi það samstarf við yngri bróður, Vestra, sem góðir menn úr Herði og Vestra lögðu grundvöll að fyrir 20 árum, með Færeyjaförinni 1949. Þá farnast félögunum vel.

Með þakklæti fyrir samstarfið við mig og heimili mitt.

Friðrik Bjarnason.



Úr Færeyjaför 1949.






Frá byggingu Harðarskálans



Eli Ingvarsson grefur grunninn




„Sjálfs er höndin hollust“




Daniel og Tungu-Brúnn



Efni flutt á áfangastað



„Traustir skulu hornsteinar“




Nýjum áfanga fagnað.



Erfiðir aðdrættir



Á leiðarenda



Harðarskálinn



Kristján Halldórsson mælir fyrir stökkbraut í Sandfelli.



Þættir úr sögu Harðar

1962:

Eins og áður ber knattspyrnuna hæst hjá félaginu þetta árið. Léku Ísfirðingar í 1. deild í knattspyrnu árið 1962. Vart verður sagt, að vera þeirra í 1. deild hafi verið nein sigurganga. Þeir töpuðu öllum leikjum nema við Í.A. sem varð jafntefli. Fengu Ísfirðingar aðeins 1 stig og urðu að sætta sig við að falla aftur í 2. deild.

Í innanhéraðsmótum í knattspyrnu voru leiknir 15 leikir. Sigráði Hörður 10 af þeim, en Vestri 5. Hörður varð Vestfjarðarmeistari í öllum flokkum nema 3. flokki.

Á þessu ári komu hingað í heimsókn frændur okkar og vinir frá Færeyjum og voru þeir hér á Vestfirðingavöku ásamt 3. flokki úr KR og gömlum handknattleiksmönnum frá Suðureyri. Einnig kom þetta ár 3. flokkur frá Færeyjum í heimsókn. Í meistaraflokki urðu úrslit í leiknum við Færeyinga 1:1, en í 3. flokki varð annar leikurinn jafntefli 1:1, en hinn sigruðu Færeyingar með 2:1

Þetta ár fóru Harðverjar í keppnis- og skemmtiferð til Vestmannaeyja með 1. flokk sinn og handknattleiksstúlkur. Var þessi ferð farin í boði Íþróttafélagsins Þórs í Eyjum.

Handknattleikur var í nokkrum öldudal þetta árið. Var ekkert stundaður af körlum, en nokkuð af konum Harðar og Vestra. Stúlkur æfðu saman handknattleik en vegna einhverra smávægilegra deilna fóru aðeins Vestrastúlkur á Íslandsmót, en Harðarstúlkur fóru til Vestmannaeyja, eins og fyrr er getið.

Einn leikur fór fram í handknattleik karla, var það við Færeyinga og sigruðu Færeyingar þann leik. Old boys frá Suðureyri sigruðu Old boys frá Ísafirði í handknattleik.

Sundíþróttin var nokkuð í öldudal þetta ár, þó var haldið eitt sundmót. Var það Sundhallarmótið, en þar sem mót þetta var aðeins tilkynnt með tæpra 3ja vikna fyrirvara voru engir Harðverjar keppendur á því.


Skíðaskáli félagsins er mikið notaður. Er þá farið með yngri flokkana í útilegur til að efla félagsandann og leyfa ungmennunum að skemmta sér á frjálsgan og heilbrigðan hátt. Skálinn er einnig notaður við æfingar skíðamanna, en skíðaiþróttin er mikið stunduð á vegum félagsins þetta ár, eins og áður, þó ekki sé um stóra sigra að ræða.



1. flokkur, Vestfjarðameistarar 1963. Fremri röð frá v.: Jón Kristmannsson, Gunnar Sigurjónsson, Tómas Karlsson, Elvar Ingason, Sigurvin Sigurjónsson. Aftari röð frá v.: Gunnar H. Sumarliðason, Jóhann R. Simonarson, Kristmann Kristmannsson, Magnús. R. Guðmundsson, Friðþjófur Kristjánsson, Jakob Ólason.

1963:

Á þessu ári sigrar Hörður alla þá leiki, er hann leikur og verður því Vestfjarðameistari í öllum flokkum í knattspyrnu.



Íþróttavöllurinn á Grund kvaddur.



Harðverjar skora 41 mark en fá á sig 4 mörk. Hér er aðeins átt við innanhéraðsmót.

Heimsóknir knattspyrnuliða í meistaraflokki urðu litlar, en þó kom hingað meistaraflokk-



Síðasti knattspyrnuleikur á íþróttavellinum á Grund. Lið skipað gömlum leikmönnum. Frá v.: Garðar Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson, Kristján Jónsson, Pétur Einarsson, Niels Guðmundsson, Böðvar Sveinbjarnarson, Þorsteinn Jóakimsson, Högni Þórðarson, Gunnlaugur Ó. Guðmundsson, Torfi Bjarnason. Markvörður: Kristmundur Gíslason.

ur Í.B.K. og lék hér tvo leiki. Sigráði Í.B.K. annan, en hinn varð jafntefli 3:3.

Aðeins ein heimsókn var hér á vegum Harðar, var það K.F.K. í 3. fl. og urðu úrslit þau, að Hörður sigraði báða leikina.

Enn eru Ísfirðingar í annarri deild og eru í riðli með K.S. Í.B.H. og Prótti. Í sínum leikjum skora Ísfirðingarnir 10 mörk og fá á sig 18. Fá 3 stig og eru neðstir í riðlinum. 3. flokkur Í.B.Í. tekur þátt í Íslandsmóti. Knattspyrnumenn og handknattleiksstúlkur úr Herði og Vestra fóru í keppnisferðalag til Færeyja og voru leiknir 3 knattspyrnuleikir og 6 handknattleiksleikir.

Í knattspyrnunni var leikið við H.B. í Þórshöfn og T.B. á Tvöreyri.

Í handknattleiknum voru leiknir tveir leikir. Við Kyndil og Neista, en einn við Vestmanna- og Fuglafjörð.

Einnig var leikinn einn leikur í knattspyrnu þar sem annars vegar var úrval frá Í.B.Í. og

Haukum í Hafnarfirði, og hins vegar úrval úr Þórshafnarfélögunum. Lauk þeim leik með sigri Þórshafnar 2:1. Mark Íslendinganna skoraði Harðverjinn Elvar Ingason.

Handknattleikur er í nokkrum öldudal þetta ár, þó svo að stúlkurnar hafi farið til Færeyja. Reynt var að halda uppi æfingum fyrir kvenfólkið. Auk leikja þeirra, er þær háðu í Færeyjum var keppt við Breiðablik, tvo leiki.

Engin mót fóru fram hér innan héraðs.

Skíðaíþróttin var mikið stunduð á árinu hjá Harðverjum, þó ekki væri mikið um sigra. Um áramótin 1963—64 festu félögin innan S.R.Í. kaup á dráttarvél er nota skyldi sem skíðalyftu eða togbraut.


Sund var í nokkrum öldudal þetta ár og var aðeins háð eitt opinbert mót. Var það Sundhallarmótið.

Haustið 1963, eða 15. sept, skeði merkur atburður í sögu íþróttamanna á Ísafirði. Þá var gamli íþróttavöllurinn á Grund, sem áður var kallaður Hrossataðsvöllur, kvaddur með mikilli viðhöfn.

Við kveðjuathöfnina á gamla vellinum, sem fór fram í sólskini og bezta veðri voru fluttar margar hjartnæmar ræður og ávörp.

Við þetta tækifæri afhenti Friðrik Bjarnason, fyrir sína hönd og konu sinnar, félögunum Herði og Vestra veglegan og forkunnar fagan fána með félagsmerkjunum í, til minningar um dóttur þeirra hjóna.

Þá fór fram úrslitaleikur í Vestfjarðamóti meistaraflokki milli Harðar og Vestra. Einnig kepptu þarna gamlir knattspyrnumenn úr Herði og Vestra, við mikinn fögnuð áhorfenda.



Boðsundssveit Harðar, sem sigraði í Vestfjarðamóti 1964: Guðmundur Ágústsson, Svavar Kristmundss., Jón B. Jónsson, Björn Egilsson.



Ólafur Þórðarson og Guðmundur Ólafsson einu feðgarnir sem orðið hafa Vestfjarðameistarar á sama ári í knattspyrnu.

1964 :

Þann 27. maí 1964 varð Hörður 45 ára og var ákveðið að efna til afmælistóta í sem flestum greinum íþróttanna í tilefni afmælisins. Knattspyrnan er að vanda mikið stunduð hjá félaginu. Þó falla æfingar niður að mestu, og allir kappleikir falla niður á tímabilinu 1. maí til 18. júlí, er íþróttavöllurinn á Torfnesi er tilbúinn til notkunar. Var hann afhentur íþróttahreyfingunni til afnota, við hátíðlega athöfn. Vígsluleikur vallarins er á milli Siglufirðinga og Ísfirðinga og er leikur þessi liður í 2. deildar keppninni.

Um árangur knattspyrnumanna félagsins verður ekki annað sagt, en að hann hafi verið góður. Hörður var Vestfjarðameistari í öllum flokkum knattspyrnu þetta ár. Var það góð afmælisgjöf. Hér á Ísafirði eru háðir 15 gestaleikir þetta sumar og eru þeir allir á vegum Harðar, í tilefni 45 ára afmælisins, nema einn, sem er á vegum K.R.Í.

3. flokkur Harðar fer í keppnisferð til Reykjavíkur og stendur sig vel í þeirri ferð.

Á þessu ári taka Ísfirðingar einnig þátt í Ís-

landsmóti 2. deildar og bikarkeppni K.S.Í. Handknattleikur er í hávegum hjá stúlkunum á þessu ári. Má það, að mestu, þakka að hingað er fenginn handknattleiksþjálfari úr Kópavogi, Arndís Björnsdóttir. Þjálfaði hún hér allt sumarið á vegum Í.B.Í. Í handknattleik er aðeins um eina heimsókn að ræða. Eru það stúlkur í 1. og 2. flokki Fram, er komu hingað í boði Harðar. Einnig fór fram Vestfjarðamót í Handknattleik kvenna 1. flokki.

Herði var á þessu ári falið að sjá um Vestfirðingavökuna og var í því tilefni, og 45 ára afmælisins, efnt til keppni í frjálsum íþróttum. Í þeim hafði ekki verið keppt neitt sem heitið getur síðan 1952. Keppni var í 100 m hlaupi, 400 m hlaupi og 1000 m hlaupi. Keppendur voru Harðverjar og Áttu Harðverjar fyrstu þrjú menn í 100 og 400 m hlaupunum, en 1. 2. og 4. mann í 1000 m hlaupi. Drengja-boðhlaupið var háð á þessu ári og sigraði sveit Harðar.

Sundíþróttin er heldur að lifna við og á Sundmeistaramóti Vestfjarða eru margir keppendur frá Herði í drengja- og karlaflokkum, en í kvenna- og telpnaflokkum eru keppendur Harðar fáir. Í 100 m skriðsundi pílta eiga Harðverjar 1. 3. og 4. mann. Í 50 m skriðsundi pílta eiga Harðverjar 1. og 3. mann. Í 100 m bringusundi karla eiga Harðverjar 2. og 3. mann. Í baksundi pílta eiga Harðverjar 1. mann og 3. mann. Í 50 m baksundi pílta eiga Harðverjar 1. mann og 3. í 50 m bringusundi pílta. Sveit Harðar sigrar boðsund karla og pílta.

Hjá skíðamönnum félagsins var mikið að gera á þessu ári, því auk allra innanhéraðsmóta, sem fram fara hér árlega á vegum S.R.Í. gekkst Hörður fyrir afmælistótum í svigi, stórsvigi og göngu.

Í innanhéraðsmótum stóðu Harðverjar sig vel. Áttu 2. og 3. mann í Vestfjarðamóti í svigi karla. 3. mann í flokki drengja 11—13 ára og fyrsta mann í flokki drengja 7—10 ára. Í stórsvigi Vestfjarðamótsins áttu Harðverjar 2. og 3. mann í flokki karla og 2. í flokki drengja 7—10 ára.

1965 :

Á þessu ári sem öðrum er knattspyrnan aðalverkefni félagsins. Og eru háðir hér 23 kappleikir í innanhéraðsmótum. Harðverjar verða Vestfjarðameistarar í 1., 3. og 4. flokki.

Af þessum 23 leikjum, sem leiknir eru er



Hörður annar aðilinn í 16. Sigráði Hörður í 10 þeirra, gerði 2 jafntefli og tapar 4 leikjum. 5. flokkur Harðar fór í keppnisferðalag til Hafnarfjarðar. 3. fl. Í.B.Í. tekur þátt í Íslandsmóti og eru númer 2 í sínum riðli. Í.B.Í. er á þessu ári sem áður þátttakandi í Íslandsmóti 2. deildar., og bikarkeppni K.S.Í. Heimsóknir knattspyrnuliða eru óvenju fáar á þessu ári, en hingað kom 2. flokkur úr Fram og 3. flokkur úr Haukum. Einnig kom hingað Færeyska liðið B-36 með meistaraflokk sinn og lék tvo leiki við Í.B.Í. og sigruðu Ísfirðingar fyrri leikinn, en B-36 sigráði þann seinni.

Það virðist vera erfitt að halda lífi í handknattleiknum hér á Ísafirði á þessum árum. Á þessu ári er handknattleikur lítið stundaður hér, en þó kemur hingað eitt lið. Er það 1. flokkur kvenna úr Þór í Vestmannaeyjum, í boði Vestra.

Vestfjarðamót í handknattleik fellur niður vegna ónægðrar þátttöku.

Sund var nokkuð æft hér fyrri hluta ársins og var sundmeistaramót Vestfjarða háð í maí mánuði.

Skíðaíþróttin var að vanda mikið iðkuð af Harðverjum á árinu. Þó ekki hafi verið mikið um sigra, verður ekki annað sagt en að Harðverjar hafa staðið sig vel í þeim mótum sem þeir voru þátttakendur í.

1966:

Á þessu ári er mikið um að vera hjá íþróttafólki á Ísafirði og þá ekki sízt hjá Harðverjum. Voru mörg íþróttamót haldin hér í tilefni þess að Ísafjarðarkaupstaður var 100 ára.

Skíðamót Íslands er háð hér og eiga Harðverjar nokkra keppendur á því, sem að vísu keppa í nafni S.R.Í. Einnig eru háð hér fjölmörg skíðamót, innanhéraðsmót, en ekki er mikið um sigra hjá Harðverjum á þessum mótum.

Knattspyrna er að vanda mikið stunduð á vegum félagsins og munu um 130 félagsmenn hafa stundað æfingar. Er það mesti fjöldi í þessari grein hiá félaginu hingað til. Knattspyrnuárangur félagsins verður að teljast allgóður, þó ekki hafi verið um að ræða sigur í Vestfjarðamóti meistaraflokks. Hörður átti Vestfjarðarmeistara í 2., 3. og 4. flokki knattspyrnu.

Ísfirðingar tóku þátt í Íslandsmóti 2. deildar


og bikarkeppni K.S.Í. og stóðu sig mjög vel. Komust í undanúrslit í bikarkeppninni. Hörður sendi 4. flokk sinn á Íslandsmót og stóðu Harðverjarnir sig með stakri prýði. Urðu númer 2 í sínum riðli með 10 stig af 12 mögulegum. Léku 6 leiki, sigruðu 4 og gerðu 2 jafntefli.

Á afmælishátíð Ísafjarðarkaupstaðar komu hingað í heimsókn gamlir Ísfiringar úr Herði og Vestra, búsettir í Reykjavík og nágrenni og léku við gamla félagi úr Herði og Vestra, búsetta hér heima.

Það sögulegasta við þennan skemmtilega leik, sem endaði með jafntefli, er vafalaust það, að hinn aldri íþróttáfrömuður þessa bæjar, Gunnar Andrew, lék knettinum í leik og fyrstu mínútur leiksins dæmdi Harald Aspelund, en hann er sá knattspyrnudómari þessa bæjar, sem fyrstur fékk réttindi, frá Í.S.Í.

Mjög mikið var um heimsóknir knattspyrnuliða hingað á þessu ári. Til Harðar komu 3. flokkur K.R., 4. og 5. flokkur K.F.K. Einnig kom hingað knattspyrnulið frá Vestmannaeyjum í boði Vestra, en Vestri varð 40 ára þetta ár.

Þýzka skólaskipið Gorch Fock kom hingað í heimsókn og var leikinn einn leikur við sjóliða af því. Lauk honum með sigri Í.B.Í.



Vestfjarðameistarar í 1. flokki 1964. Fremri röð frá vinstri: Magnús R. Guðmundsson, Ólafur Þórðarson, Kristján R. Guðmundsson, Tómas Karlsson, Jón Kristmannsson, Gunnar Sigurjónsson. Aftari röð frá v.: Jakob Ólafsson, Friðþjófur Kristjánsson, Elvar Ingason, Björn Egilsson, Kristmann Kristmannsson, Gunnar Sumarliðason, Sigurvin Sigurjónsson, Jens Kristmannsson, form Harðar



Enn einu sinni sína systkini Halldórs heitins Sigurgeirssonar, félaginu tryggð og vináttu. Í tilefni 100 ára afmælis bæjarins, færa þau Herði fagra stytta til minningar um Halldór heitinn, en hann var um fjölmörg ár þjálfari 3. flokks félagsins og náði flokkur hans einna lengst í knattspyrnuíþróttinni af öllum flokkum félagsins, bæði fyrr og síðar. Um grip þennan skal keppt í 3. flokki, milli Harðar og Vestra.

Frjálsar íþróttir eru enn í öldudal, en þó var reynt að blása örlitlu lífi í þær með því að hefja æfingar í Tungudal.


Sund er nú að komast í sémilegt horf hjá Harðverjum og eru nokkrir Harðverjar þátttakendur í sundmeistaramóti Vestfjarða, en lítið er um sigra á því móti.

Handknattleikur stúlkna lifnar nú heldur betur og munu um 30—40 stúlkur úr Herði hafa stundað æfingar. Engir kappleikir fara fram þetta ár þar sem aðeins Hörður tilkynnir þátttöku.

Á þessu ári kemst verulegur skriður á það mál, sem lengi hefur verið óskadraumur ís-firzkra skíðamanna, en það er bygging fullkominnar skíðalyftu.

1967:

Það sem fyrst ber að telja til tíðinda, á þessu



Vestfjarðameistarar 5. flokks 1964. Aftari röð frá vinstri: Albert Guðmundsson, Samúel Kárason, Finnur M. Finnsson, Rúnar Guðmundsson Björn Birgisson, Óli R. Ingimarsson. Aftari röð frá v.: Pétur Pétursson, Guðm. Ólafsson, Sigmundur Annasson, Óskar Kárason, Óli Kristjánsson, Halldór Mariásson. Sitjandi Ólafur Kristjánsson.

ári er að á aðalfundi Harðar sem haldin var 4. maí, eru settar á stofn deildir innan félagsins, þ.e. knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, skíðadeild. Sund- og frjálsíþróttadeild eru settar saman.

Þá hafði starfsemi hinnar fyrri skíðadeildar félagsins legið niðri um nokkur ár, en aðrar deildir voru ekki starfandi innan félagsins áður.

Deildirnar tóku þegar til starfa og störfuðu af fullum krafti og sönnuðu þegar á fyrsta ári gildi sitt.

Knattspyrna er mikið stunduð hjá Harðverjum þetta ár. Aðeins var keppt í Vestfjarðamóti af innanhéraðsmótum. Þó féllu niður Vestfjarðamót í 2. og 3. flokki, þar sem Hörður tilkynnti einn þátttöku. Hörður varð Vestfjarðameistari í 1. og 4. flokki.

Á þessu ári sendir Hörður 4. flokk sinn á Íslandsmót, og leika drengirnir í C-riðli og hljóta 4 stig af 6 mögulegum.

Ísfirðingar tóku þátt í bikarkeppni K.S.Í og Íslandsmóti 2. deildar, eins og áður. Þeir urðu neðstir í sínum riðli og urðu að leika í 3. deild árið 1968. Ísfirðingar sigruðu þann leik. 5. flokkur Harðar A. og B. fóru í keppnisferð til Þingeyrar og Önundarfjarðar og léku 4 leiki í förinni. Sigruðu Harðverjar einn, töpuðu einum og gerðu tvö jafntefli.

Handknattleikur er mikið æfður á þessu ári en sakir vallarleysis fara engir kappleikir fram í Vestfjarðamóti. Þó fara handknattleiksstúlkur úr Herði og Vestra til Bolungarvíkur og urðu Harðarstúlkurnar sigursælar í þessari ferð. Sigruðu U.M.F.B. og Vestra með yfirburðum.

Skíðaiþróttin er mikið stunduð þetta ár. Ekki var mikið um sigra hjá Herði. Harðverjar voru þátttakendur í öllum skíðamótum er fram fóru hér á árinu. Stjórn skíðadeildarinnar gekkst fyrir útilegum fyrir yngri Harðverjana í skála félagsins og var þar höfð tilsögn í skíðaiþróttinni undir stjórn Hauks Sigurðssonar. Í lok þessa árs sáu menn hilla undir þann langþráða draum, að fullkomin skíðalyfta kæmist í notkun innan tíðar.





ALBERT KARL SANDERS:



Knattspyrna í 50 ár

Pegar litið er yfir feril knattspyrnu á Ísafirði í þau fimmtíu ár, sem Hörður hefur starfað kemur í ljós, að skipzt hafa á skin og skúrir þar eins og á öðrum sviðum í lífinu.

Ekki er það ætlun mín með þessu greinarkorni, að skrifa annál knattspyrnu síðan 1919. Til þess skortir mig næga þekkingu og nauðsynleg gögn. Þó er hægt að tala um nokkra helztu atburði, sem skeð hafa á umliðnum árum.

Fyrstu árin voru kappleikir, að mestu háðir við erlenda sjómenn, er að landi komu á Ísafirði og þá fyrst og fremst við sjóliðana af dönsku varðskipunum. Seinna, eftir að Vestri var stofnaður, hófust kappleikir við Vestramennina og voru þeir höfuðandstæðingar um árabíl og ekki örgrannt um að heldur betur hafi mönnum hitnað í hamsi við að horfa á leiki þessara höfðingja. eða eins og segir í bragnum eftir Harald Ólafsson: „Um hálfan bæinn heyra má, að hetjur eru komnar á íþróttavöllinn með allan mannskapinn. Þar verður voða margt að sjá. Vestri og Hörður hamast þar og hoppa um völlinn. Alls staðar áhorfendur æða til og frá og allir vilja sjá“.

Í kring um 1934 má segja, að skipulagðar æfingar hefjist með nútímasniði. Um það leyti tekur Halldór Sigurgeirsson við þjálfun 3. flokks Harðar, sem hlaut nafnið „hinn sigursæli“. Þeir piltar, sem þann flokk skipuðu,

voru margir hverjir virkir knattspyrnumenn allt til 1950. Rétt fyrir styrjöldina, eða nánar tiltekið 1939, verða Ísfirðingar Íslandsmeistarar í 1. flokki. Þótti það vel af sér vikið vegna þess, að þeir höfðu ekki haft mikið tækifæri til samskipta við aðra knattspyrnuflokka. Þó höfðu, annað slagið, komið flokkar í heimsókn frá Reykjavík og Akureyri, en Ísfirðingar þóttu fastir fyrir og erfiðir heim að sækja, enda þótt gestrisni þeirra á öðrum sviðum væri mjög rómuð. Á stríðsárunum lögur dálítið úr iðkun knattspyrnu. Fyrst og fremst vegna þess, að atvinna jókst mikið og menn töldu sig ekki hafa eins góðan tíma til leikja og áður. Þrátt fyrir það voru æfingar nokkuð vel stundaðar öll vor og alltaf var fjölmenn á æfingar, ef utanbæjarflokkar voru væntanlegir.

Á stríðsárunum var einnig nokkuð um það, að leikið væri við Breta af fisktökuskipum eða herskipum.

Eftir stríðið má segja, að knattspyrnan eigi nokkuð erfitt uppdráttar, því að þá hefst tímabil frjálsíþróttar. Knattspyrnan stóðst þó þessi áföll og 1949 er farið í keppnisferðalag til Færeyja og keppt í knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Eftir þá ferð má segja, að syrti í álinn, því að flestir af eldri leikmönnum hættu nú aðl eika, en aðrir fluttu úr bænum og urðu aðeins eftir yngri og reynsluminni leikmennirnir. Æfingar voru stundaðar eftir fongum og nokkur samskipti höfð við önnur byggðarlög svo sem Siglufjörð, Akureyri, Hafnarfjörð og lið úr Reykjavík. Árið 1952 er svo ráðizt í það að taka þátt í Íslandsmóti eftir 13 ára hlé. Ekki var fyrsta gangan beint glæsileg, því að leiknir voru þrír leikir á Melavellinum og fóru leikar þannig, að Ísfirðingar töpuðu öllum. Við Val 4:1, við KR 4:0 og við Akranes 4:0.



Þótti nú þung ganga heim að koma með 12:1 á bakinu. Ekki sízt þar sem liðið hafði sigrað Viking, þá Reykjavíkumeistara, fyrr um sumarið á Ísafirði. Frá þeim tíma og allt fram á þennan dag hafa Ísfirðingar tekið þátt í Íslandsmóti.

Árið 1955 er gerð sú breyting á keppni Íslandsmótsins, að deildaskipting er tekin upp. Var Ísafjörður það ár í riðli með Akureyri og tapaði fyrir þeim fyrir norðan. Árið eftir leika Ísfirðingar úrslitaleik við Hafnfirðinga um setu í 1. deild. Var þessi leikur mikið um talaður, meira en almennt hafði gerzt um leiki, sem liðið hafði leikið fram að þeim tíma. Var ástæðan sú, að Albert Guðmundsson, knattspyrnukappi, var hjálfari og leikmaður Hafnfirðinga. Segja má, að leikmenn allir hafi verið mjög laugaóstyrkir fyrir leikinn.

Þegar til leiksins kom var frammistaða liðsins góð og átti það í fullu tré við Hafnfirðingana utan það, að tvisvar í leiknum fékk Albert tækifæri til að skjóta, fyrir utan vítateig þó, en boltinn lá í netinu í bæði skiptin.

Næstu árin léku Ísfirðingar nokkra úrslitaleiki um setu í 1. deild, en alltaf vantaði herzlumuninn. T.d. þegar leikið var við Keflavík og jafntefli varð eftir framlengdan leik og jöfnunarmarkið skorad á síðustu mínútu í seinni hálfleik framlengingarinnar. Leikur þessi varð að leiðindamáli og vorum við næsta vetur ýmist dæmdir í eða úr 1. deild, en höfnum að lokum í 2. deild.

Frá þessum árum er mér sérstaklega minnstæð keppni er við áttum á Akureyri. Í riðli með okkur voru Akureyri, Húsavík, Sauðárkrókur og Siglufjörður, sem dró sig úr keppninni á síðustu stundu.

Liðið fór norður í einkabílum og var það brósótt ferð. Kepnt var við Húsavík og þeir sigruðu með 4:0. Síðan átti að leika við Siglufjörð daginn eftir, en þeir höfðu hætt þátttöku, eins og áður segir. Þar sem næstu leikir voru ekki fyrr en aðra helgi var haldið heim. Þegar leika átti næstu leiki var revnt að fá leigða flugvél og það tókst, en þó því aðeins, að við kæmum heim samdægurs. Eftir nokkrar þenkingar var þetta ákveðið, enda þótt leika þyrfti tvo leiki sama daginn. Fyrri leikurinn var við Akureyri og eftir um hálf tíma stóðu leikar 2:0 fyrir Akureyri, en Ísfirðingar sneru vörn í sókn og unnu leikinn 3:2. En nú var eftir annar leikur strax á


eftir. Var horfið að því ráði að fara í það, skipta um búninga og setja varamennina inn á völlinn. Það tókst. Liðið vann Sauðárkrók 2:0. Þar með höfðum við unnið riðlinn.

Það voru þreyttir, en ánægðir menn, sem settust upp í Catalínaflugvélinu um kvöldið.

Árið 1961 lentum við í úrslitum við Keflavík, öðru sinni. Var mikil eftirvænting ríkjandi um hvort sama sagan endurtæki sig frá fyrri leiknum. Í stuttu máli má segja, að leikurinn hafi verið sérstaklega þrúðmannlega og vel leikinn. Ísfirðingar sigruðu með sjö mörkum gegn þremur og þar með varð draumurinn að veruleika. Ísfirðingar voru komnir í 1. deild.

Ég hef stiklað hér aðeins á því, sem komið hefur í hugann. Margt fleira metti minnst á, t.d. þegar Ísfirðingar komust í undanúrslit í bikarkeppni K.S.I. 1960 og léku við KR og töpuðu naumlega, 2:1 eftir framlengdan leik.

Síðustu árin hafa verið svona upp og ofan. Sum góð, önnur léleg. Þeir eldri eru að hvetta og yngri menn að taka við, en það tekur



Þegarkeppni milli Ísaffarðar og Stgluffarðar 1948. Stgluffarðarfararnir frá v.: Gunnar Sumarilldason, Albert K. Sanders, Þórólfur Eyllsson, Guðm. Hermannsson, Guðm. I. Guðmundsson, Loftur Magnússon, Albert Ingibjartsson, Gunnlaugur Jónasson, Ólafur Þórðarson.

sinn tíma að móta knattspyrnulið.

Ég veit, að framtíð Ísfrzkrar knattspyrnu er björt. Það sýna hinir ágætu yngri flokkar félaganna, bæði í Herði og Vestra.

Það er því afmælisósk mín til ykkar, ágætu ungu Harðverjar, að þið, hver og einn, leggið ykkur alla fram við æfingar og í keppnum, svo að næstu áratuginir verði ekki síður viðburðaríkir en þeir, sem á undan eru gengnir.

Albert K. Sanders.



Frá skíðadeild Harðar

Hinn 18. apríl 1946 var haldinn fyrsti fundur í skíðadeild Harðar á heimili Daniels Sigmundssonar, sem var fyrsti formaður deildarinnar. Aðrir í fyrstu stjórn deildarinnar voru. Haukur Benediktsson og Sverrir heitinn Guðmundsson.

Í fyrstu fundargerð segir, að hlutverk deildarinnar sé „að vinna að eflingu skíðaþróttarinnar innan félagsins“.

Á þessum fyrsta fundi var ákveðið að kanna möguleika á að byggja skíðaskála á Seljalandsdal og var alla tíð unnið ötullega að því máli þar til því var siglt heilu í höfn.




*Daniel Sigmundsson
fyrsti formaður skíðadeildar Harðar.*

Ksf. Hörður tekur fyrst þátt í skíðakeppni á Vestfjarðarmótinu 1947. Haukur Benediktsson, sem þá var formaður Harðar, fór fram á það við þá, Hauk Sigurðsson og Jens Sumarliðason, sem áður höfðu keppt fyrir Skátafélagið Einherja, að keppa nú fyrir Hörð, en sjálfur hafði hann lofað löngu áður að keppa fyrir Einherja á þessu móti.

Starf skíðadeildarinnar hefur skjótt borið ávöxt, því að tveir Harðverjar eru valdir til keppni í Alpagreinum á Olympíuleikunum í Noregi 1952 ásamt tveimur Reykvíkingum.

Þennan sama vetur, eða viku fyrir Olympíuleikana, var haldið Holmennkollnemót og tóku þessir fjórir Olympíufarar þátt í Alpagreinum þar. Þá var íslenski þjóðsöngurinn



Harðarskálinn



*Frá v.: Jón Karl Sigurðsson, Steinhórn Jakobs-
son og Haukur Sigurðsson, kepptu á heims-
meistararmóti í Alpagreinum í Svíþjóð 1954.*



Stjórn Harðar 1969



Fremri röð frá v.: Magnús R. Guðmundsson, ritari, Jens Kristmannsson, form., Barði Ólafsson, gjaldkeri. Aflari röð frá v.: Þróstur Guðjónsson fjárm.ritari, Hermann Ásgeirsson, meðstj., Björn Egilsson, meðstj. Guðbjörn Ingason, varaf.



Jakobina Jakobsdóttir keppandi í heimsmeistaramóti í Svíþjóð 1954:



Marta Bibí Guðmundsdóttir, keppandi í heimsmeistaramóti í Svíþjóð 1954.

fyrst leikinn við verðlaunaafhendingu á Holmenkollenmóti. Þá tók Harðverji á móti verðlaunum fyrir að verða í 14. sæti í stórsvigi.

Tveimur árum síðar sækja fimm Harðverjar um þátttöku í heimsmeistaramóti í Alpagreinum, sem fram fór í Áre í Svíþjóð. Þetta var í fyrsta skipti, sem íslenskir skíðamenn tóku

þátt í Alpagreinum á heimsmeistaramóti. Það voru fimm Harðverjar, sem í bernsku skíðadeildar Harðar ólust upp á Seljalandsdal.

Með þessum utanferðum ísfirzkra skíðamanna var brautin lögð og síðan hafa ísfirzkir skíðamenn farið víða og keppt á mörgum stórum alheimsmótum.



MINNING

SVERRIR GUÐMUNDSSON

bankafultrúi

F. 23. des. 1909. Dáinn 26. nóv. 1968.



Við merk tímamót, 50 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Harðar, verða rifjaðir upp margir atburðir í sögu félagsins. Þá verður minnst sigra sem ósigra og mikils starfs fyrir æskufólk á Ísafirði. Þar hafa margir lagt hönd á plóginn og ber þar hæst hinn mikla fjölda unglunga, sem tekið hafa þátt í íþróttaiðkunum og íþróttakeppnum innanlands og utan og verið félagi sínu og bæjarfélagi hvarvetna til sóma.

Engu ómerkari eru þó störf þeirra, sem valdir hafa verið til forustu í félaginu um lengri eða skemmri tíma, en á þeim hefir hvílt mikil ábyrgð og jafnframt geysimikið og tímafrekt starf.

Engum Harðverja er gert rangt til, þótt því verði haldið fram, að þar beri einna hæst nafn Sverris Guðmundssonar, en hann var um langt árabíl í forustuliði félagsins og formaður þess árin 1936—42 og aftur árið 1947.

Sverrir var á yngri árum góður knattspyrnumaður og ætíð mikill áhugamaður fyrir eflingu íþróttanna. Eftir að hann hætti sjálfur þátttöku í knattspyrnuleikjum, var hann lengi knattspyrnudómari á Ísafirði og oft fararstjóri ísfirzkra íþróttamanna í keppnisferðum, m.a. til Færeyja árið 1949.

Jafnframt miklu starfi fyrir Hörð, gegndi Sverrir margháttuðum trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna og var m.a. formaður Íþróttabandalags Ísfirðinga um nokkurra ára skeið.

Fyrir öll þessi miklu störf að íþróttamálum var hann sæmdur gullmerki Í.S.Í. sem er einn æðsti virðingarovottur, sem íslenskum íþróttamanni er sýndur.

Sverrir var mikill félagshyggjumaður, enda hlóðust á hann margvísleg félagsmálastörf á vettvangi þjóðmála, verkalyðshreyfingarinnar og bæjarfélagsins.

Hann var gjaldkeri Sjúkrasamlags Ísafjarðar 1936—1940, en þá hóf hann störf í Útvegsbanka Íslands, útibúinu á Ísafirði, sem gjaldkeri og síðar fulltrúi, og starfaði þar á meðan líf og heilsa entust.

Sverrir var mikill mannkostamaður og öll hans störf einkenndust af góðvild og samstarfsvilja. Hann var einstaklega geðprúður maður, glaðvær og hjálpsamur.

Harðverjar þakka Sverri Guðmundssyni af alhug öll hans miklu störf í þágu félagsins og íþróttamála á Ísafirði. Jafnframt er eftirlifandi eiginkonu hans, Unni Gísladóttur, börnum þeirra og systkinum hans færðar innilegar kveðjur.

Blessuð sé hans minning.

H. Þ.



Þættir úr sögu Harðar

1968:

Þann 7. janúar, er skíðalyftan á Seljalandsdal formlega tekin í notkun. Fyrsti fundur til undirbúnings byggingar skíðalyftu er haldinn 15. maí 1961.

Hin nýja skíðalyfta er 1250 m löng og fallhæð 200 metrar.


Sú nýbreytni var tekin upp, á vegum skíðadeildar Harðar að háð eru þriakeppnismót þ.e. stórsvig — svig — stórsvig unglunga, sem eru tengd saman með stigakeppni. Voru mót þessi að öllu leyti á vegum Harðar, og var samantlagður keppendafjöldi í þessum mótum um 200. Að auki fóru fram hin 10 árlegu innanhéraðsmót S.R.Í. Harðverjar voru þátttakendur í öllum þessum mótum og stóðu sig mjög vel. Í knattspyrnu var aðeins keppt í Vestfjarðamóti af innanhéraðsmótunum. Sú nýbreytni var höfð, að nú er spiluð tvöföld umferð í Vestfjarðamóti, 1. fl. Keppendur í 2. fl. voru frá Herði, Vestra, Stefni, Suðureyri, Úraf, Bolungarvíkur og Herði, Patreksfirði. Ekki var mikið um Vestfjarðameistara hjá félaginu þetta ár. Hörður á aðeins Vestfjarðameistara í 3. flokki.

Hörður sendi 3. flokk sinn á Islandsmót og



Verðlaunahafar í þriakeppnismóti Harðar 1968. Fremri röð frá v.: Geir Sigurðsson, Hafþór Júlíusson, Magni Pétursson, Sig. H. Jónsson, Guðjón Jónsson, Gunnar B. Ólafsson, Sigrún Grimsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir. Aftari röð frá v.: Einar Hreinsson, Sigm. Annasson, Albert Guðmundsson, Jóhannes B. Jóhanness., Valur Jónatansson, Gunnar P. Jónsson.

stóðu drengirnir sig ágætlega, urðu aðrir í sínum riðli með 4 stig eða jafnmörg og Próttur sem varð númer eitt, en óhagstæð markatala skyldi á milli og lék Próttur í úrslitakeppninni.



Vestfjarðameistarar í sundi 1968. Frá v.: Björn Egilsson, Guðjón Höskuldsson, Óskar Pétursson, Halldór Mariasson.

Ísfirðingar léku í 2. deild þetta ár, eins og áður. Á þessu ári verða Ísfirðingar neðstir í sínum riðli og verða því að leika úrslitaleik við Viking um fallsætið. Vikingur sigrar leikinn, og verða því Ísfirðingar að leika við efstu liðin í 3. deild um það hvort þau eigi að fara í 2. deild og Í.B.Í. að falla í 3. deild eða öfugt. Úrslit í þessari fjögurra liða keppni urðu þau að Ísfirðingar urðu þriðju og leika því í 3. deild árið 1969.


Lið Í.B.Í tók þátt í bikarkeppni K.S.Í. eins og áður.

Meistaraflokkur KR er í heimsókn á Ísafirði. Úti handknattleikur var ekkert stundaður á árinu, sakir vallarleysis, en æfingar voru innan húss allt árið. Bæði hjá 1. og 2. flokki karla og kvenna. Engir kappleikir fara fram á árinu.

Sunddeild Harðar gengst fyrir sundæfingum og er æft af kappi. Sundmeistaramót Vestfjarða er háð í desember og standa Harðverjar sig vel á því móti. Meðal annars setti sveit Harðar nýtt Vestfjarðamet í 4×50 m boðsundi frjáls aðferð á 2.00,7 mín og Óskar



Pétursson setti nýtt Vestfjarðamet í 50 m skriðsundi drengja á 29,9 sek. Einnig gekkst sunddeildin fyrir æfingamóti. Á aðalfundi



Óskar Pétursson, setti nýtt Vestfjarðamet í 50 m skriðsundi drengja 1968.

Þetta ár var gerð sú breyting á deildarskiptingu að sund- og frjálsíþróttadeildinni var skipt og gerð að tveimur deildum.

1969:

Starfsemi félagsins á þessu ári hófst með ákvörðun stjórnarinnar um að í tilefni 50 ára afmælisins skyldu haldin afmælimót í sem flestum greinum íþróttar, sem stundaðar eru á vegum félagsins.

Einnig var endanlega ákveðið að ráðast í útgáfu afmælisblaðs og skipuð ritnefnd og ráðinn ritstjóri að blaðinu.


Íþróttastarf félagsins hófst strax í byrjun janúar með innanhússæfingum allra flokka í knattspyrnu.

Skíðamenn félagsins stunduðu æfingar af kappi.

Starfsemi skíðadeildarinnar hófst með undirbúningi undir afmælimót Harðar í svigi og göngu svo og fyrir þríkeppni Harðar. Fyrsta mótið, sem Hörður sá um var fyrsti hluti þríkeppninnar, sem fór fram 1. marz. Keppt var í fjórum flokkum unglunga þ.e.

stúlkur 15 ára og yngri, drengir 14–16 ára, 12–13 ára og 11 ára og yngri, og eru keppendur í fyrsta hluta 53. Í öðrum hluta þríkeppninnar, sem fram fór 12. apríl voru keppendur 56. Í þriðja hluta þríkeppninnar, sem fram fór 24. apríl, voru keppendur 61. Í stigakeppni þríkeppninnar urðu úrslit þau, að í flokki stúlkna sigraði Sigrún Grímsdóttir Herði, önnur varð Elísabet Þorgeirsdóttir, Herði, þriðja Kóbrún Svavarsdóttir, Vestra. Í flokki drengja 11 ára og yngri sigraði Sigurður H. Jónsson, Herði, annar Magni Pétursson, Skíðafélaginu og þriðji Stefán I. Stefánsson, Herði. Í flokki drengja 12–13 ára sigraði Gunnar Þ. Jónsson, Herði. Annar varð Arnór Magnússon, Herði og þriðji Gair Sigurðsson, Ármanni. Í flokki drengja 14–16 ára sigraði Albert Guðmundsson, Ármanni, annar Sigmundur Annasson, Herði og þriðji Halldór Antonsson úr Reyni í Hnífsdal.

Afmælimót Harðar í göngu fór fram 2. marz og var keppt í 5 flokkum. Keppendur voru 26. Í flokki karla sigraði Kristján R. Guðmundsson Ármanni, annar Sigurður Sigurðsson, Herði og þriðji Halldór Margeirsson, Herði. Í flokki 17 til 19 ára sigraði Guðjón Höskuldsson, Herði, annar varð Kristján B. Guðmundsson, Ármanni. Í flokki 15 til 16 ára sigraði Agnar Ebenezerson, Ármanni, annar Guðmundur Ólafsson, Herði og þriðji



Verðlaunahafar í afmælimóti Harðar 1969 í göngu 20 ára og eldri. Frá v.: Sigurður Sigurðsson, Kristján R. Guðmundsson, Halldór Margeirsson.



varð Þorsteinn Sigfússon, Ármanni. Í flokki 13 til 14 ára sigraði Halldór Jónsson, Ármanni, annar varð Halldór Ebenezer, Ármanni. Í flokki 12 ára og yngri sigraði Elías Oddsson, Ármanni, annar varð Kristinn Ebenezer, Ármanni, þriðji Gunnar Ólafsson, Herði.

Afmælimót Harðar í svigi fór fram 9. marz og var keppt í 5 flokkum og voru keppendur 40. Sigurvegarar í einstökum flokkum voru: Í flokki 17 ára og eldri sigraði Guðmundur G. Jóhannesson, Herði. Annar varð Samúel Gústafsson úr Skíðafélaginu og þriðji Albert Guðmundsson, Ármanni. Í flokki stúlkna 15 ára og yngri, varð fyrst Sigrún Grímsdóttir, Herði, önnur varð Kolbrún Svavarsdóttir úr Vestra og þriðja Elísabet Þorgeirsdóttir, Herði. Í flokki drengja 11 ára og yngri varð fyrstur Sigurður H. Jónsson, Herði, annar varð Magni Pétursson, Skíðafélaginu og þriðji Guðmundur Ólafsson, Herði. Í flokki drengja 14 til 15 ára varð fyrstur Sigmundur Annasson, Herði, annar varð Einar Hreinsson, Ármanni, þriðji Geir Yngvason. Í flokki drengja 12 til 13 ára,

varð fyrstur Gunnar Þ. Jónsson, annar Valur Jónatansson og þriðji Arnór Magnússon, allir úr Herði.

Á vetrinum fóru fram á vegum S.R.I. 12 skíðamót, innan héraðs, og Skíðamót Íslands var haldið hér. Harðverjar voru þátttakendur í öllum innanhéraðsmótum og Skíðamóti Íslands.

Ísfirðingar urðu Íslandsmeistarar í flokkasvigi. Í sveitinni voru: Arni Sigurðsson, Ármanni, Guðmundur G. Jóhannesson, Herði, Hafsteinn Sigurðsson og Samúel Gústafsson, báðir í Skíðafélaginu.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 17. apríl var samþykkt reglugerð fyrir gullmerki félagsins.

Eins og fram kemur hér að framan var í byrjun ársins ákveðið að halda mót í tilefni afmælisins, í sem flestum greinum þjóttu, á árinu. Áformað er að hingað komi mikið knattspyrnulíð í sumar svo og handknattleikið. Einnig er ráðgert að halda afmælimót í sundi á þessu ári.

Jens Kristmannsson.



Skíðalyftan á Seljalandsdal nýtur aukinna vinsælda meðal þeirra, sem leið sína leggja á Dalinn. Myndin er frá Skíðamóti Íslands, sem fram fór á Seljalandsdal um páskana 1969.



Verðlaunahafar í afmælistöti Harðar í göngu 1969. Frá v.: Kristján B. Guðmundsson, Guðjón Höskuldsson, Guðmundur Ólafsson, Agnar

Ebenzerson, Þorsteinn Sigfússon, Halldór Ebenzerson, Kristinn Ebenzerson, Elías Oddsson, Gunnar Ólafsson.



Verðlaunahafar í afmælistöti Harðar í svigi 1969. Frá v.: Kolbrún Svavarsdóttir, Elísabel Þorgeirsdóttir, Geir Yngvason, Sigrún Grímsdóttir, Sigmundur Annasson, Arnór Magnússon,

Einar Hreinsson, Gunnar B. Ólafsson, Samúel Guðlafsson, Magni Pétursson, Guðm. G. Jóhannesson, Sigurður H. Jónsson, Gunnar P. Jónsson.



Kristmannsbikarinn



Bikar þessi er afreksbikar í knattspyrnu fyrir 1. og 2. flokk Harðar og veitist árlega heim knattspyrnumanni í Herði, sem talinn er bezti knattspyrnumaður félagsins. Björg Jónsdóttir og synir hennar, gáfu Herði bikarinn, árið 1962, til minningar um Kristmann Jónsson. Á myndinni eru þeir, sem hreppt hafa bikarinn. Talið frá vinstri, að ofan: Jón Kristmannsson, 1962, Hermann Nielsson, 1966, Gunnar Sigurjónsson, 1963, Kristján R. Guðmundsson, 1967, Guðmundur Nielsson, 1965, Elvar Ingason, 1964, Kristmann Kristmannsson, 1968.

Kjörnir heiðursfélagar:

Eyjólfur Leós,
Kristján Leós,
Leó G. Leós,
Ágúst Leós,
Helgi Þorbergsson,
Eli Ingvarsson,
Herbert Sigurjónsson,
Kristmundur Bjarnason,
Karl Bjarnason.

Formenn HARÐAR í 50 ár:

Þórhallur Leósson 1919—'22
Garðar Ólafsson 1923
Helgi Þorbergsson 1924—'25
Helgi Guðmundsson 1926—'35
Sverrir Guðmundss. 1936—'42
Karl Bjarnason 1943—'44
Haukur Benediktss. 1945—'46
Sverrir Guðmundss. 1947

Högni Þórðarson 1948—'50
Gunnl. Ó. Guðmunds 1951
Guðm. Benediktss. 1952—'54
Albert K. Sanders 1955
Ólafur Þórðarson 1956
Albert K. Sanders 1957
Gunnar Sigurjónsson 1958
Jón Karl Sigurðsson 1959
Jens Kristmannsson 1960

Afmælisrit Harðar. Ritnefnd: Daniel Sigmundsson, Gunnl. Ó. Guðmundsson, Högni Þórðarson, Haukur Sigurðsson, Sigurvin Sigurjónsson, Sverrir Hestnes. Ritstjóri: Guðfinnur Magnússon.



Þrír form. Harðar: Guðmundur Benediktsson, form. 1952—54, Gunnlaugur Ó. Guðmundsson, form. 1951, Högni Þórðarson, form. 1948—50.

GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON:

Í góðum félagsskap

Í sögu íþróttafélags, sem starfað hefur í 50 ár fer ekki milli mála að skiptzt hafi á skin og skúrur. Min saga hefst í herði árið 1945 og má segja, að ég hafi varið öllum mínum frí-stundum í leik og starfi fyrir félagið, þar til ég flutti úr bænum 1954. Íþróttalíf var mikið þessi ár á Ísafirði og fjöldi manna lagði mikið starf á sig fyrir íþróttastarfseminna. Keppnautar Harðar voru Vestri, Ármann í Skutul-firði og Skíðafélagið.

Bygging Harðarskálans á Seljalandsdal var stórátak félagsmanna við erfiðar aðstæður og litil fjárráð. Skálabyggingin sýnir hvað hægt er að gera, ef áhuginn er fyrir hendi. Í kjölfarið af skálabyggingunni kom svo hinn mikli áhugi félagsmanna á skíðaíþróttinni og almennt hinn mikli áhugi sem varð á Ísafirði á skíðum og er enn. Árangur skíðamanna lét ekki standa á sér. Á skíðalandsmótum voru Ísfirðingar einráðir um áraraðir og þóttu

tíðindi ef einhverjir rugluðu þar um. Hörður átti þar stærstan hlut og get ég ekki stíllt mig um að nefna nöfnin: Jakobína Jakobsdóttir, Marta Bibí Guðmundsdóttir, Karólína Guðmundsdóttir, bræðurnir Haukur og Jón Karl Sigurðssynir, Steinþór bróðir Jakobínu, Einar Valur Kristjánsson, og Jóhann R. Símonarson. Allt var þetta afreksfólk, sem kom víða við, sumir urðu langlífir sem keppnis-menn; aðrir, vegna vinnu sinnar og starfa, voru styttri tíma. Þessir Harðverjar kepptu á öllum mótum hérlendis, heimsmeistaramót-um, Holmenkollen og Olympíuleikjum. Alla þá titla sem þau unnu man ég ekki, en sagt var mér í vetur að Jakobína ætti Íslandsmet hjá skíðafólkinu, því að hún hefir orðið 19 sinnum Íslandsmeistari á skíðum. Hópurinn hefur dreifzt og þá orðið að keppa undir öðru nafni, en það er eins og einn Olympíu-farinn sagði við mig um daginn, þegar ég



Harðarskálinn byggður. Frá v.: Steypan hrærð: Gunnlaugur Guðm., Guðm. L. Þ. Guðm., Haukur sleða með timbri á. Yngstu félagarnir í fyrsta innanfélagsmóttinu, sem fram fór við Harðarskálann og að lokum sjáum við Daniel Sigmundsson með hest i taumi, en reitt var á hestum allt efni í grunn skálans.



Jakobína



Marla Bibí



Karólína



Jóh. Sim.

spurði hann hvernig væri að skipta um félag þá svaraði hann. „að er hægt að breyta um félag á pappírnum, en Harðverji og Ísfirðingur verð ég alltaf“.

Knattspyrnan, handboltinn og frjálsar íþróttir settu svo svip sinn á sumarstarfið. Í öllum þessum greinum var mikið starfað. Bæjarkeppnir fóru fram í frjálsum íþróttum og knattspyrnu og íþróttaflokkar komu og fóru. Þá fengum við ódýra gistingu í Skátaheimilinu fyrir gesti okkar og þeim var komið í mat í heimahúsum, hjá velunnurum félaganna. Mátti því segja að bæjarbúar tækju

almennt þátt í íþróttastarfseminni og legðu henni mikið lið. Tel ég að þau sambönd, er urðu við að taka gestina heim á heimilin meðan þeir dvöldu í bænum, hafi skapað þann fyrirmyndarbrag er varð á öllum þessum heimsóknum. Enn í dag hittir maður marga fulltíða menn, er minnst heimsókna sinna á ísfirzk heimili með miklu þakklæti og eiga góðar minningar frá heimilum heimamanna, ekki síður en á leikvelli. Þennan góða sið ættu ísfirzkir íþróttamenn að endurvekja.

Ánægjulegt var, hve gott var að starfa með þeim yngstu í félaginu og fá eldri féлага, sem ekki tóku þátt í sjálfri keppninni til þess að vera með. Þeir eldri styrktu félagið með ráðum og dáð. Fylgdust með íþróttæskunni í leik og starfi og er þeir sáu að unga fólkið varð þeim til sóma, glöddust þeir, ekki síður en þeir, er í keppninni stóðu. Harðverjar í dag gera sér það vonandi ljóst, að ef íþróttastarf á að vera lifandi verða þeir að leggja af mörkum mikla vinnu, bæði í leik og starfi, vinnu sem þeir fá ekki borgaða í peningum. Það verður að leggja mikla alúð við þá yngstu. Sé það gert kemur allt annað af sjálfu sér. Forystan verður að vera virk og tilbúin til stórataka, sem getur jafnvel tekið mörg ár að sjá fyrir endann á. Æskan í dag leysir ekki öll sín vandamál innan veggja æskulýðsheimila þar sem allt er hugsað fyrir fram og allir eiga að gera eins, án nokkurrar fyrirhafnar. Íþróttastarfsemin gefur hverjum og einum kost á að reyna sjálfan sig í leik og



Nokkrir Harðverjar er kepptu í innanfélagsmóti félagsins. Frá v.: Jón Karl, Jens Sumarliðason, Guðm. Ben., Gunnar Sumarliðason, Haukur Sig og Jón Páll Halldórsson.



Knattspyrnulið á 100 ára afmæli Ísafjarðar



Knattspyrnulið brottfluttra Ísfirðinga og heimamanna á 100 ára afmæli Ísafjarðar í júlí 1966. Leiknum lauk með jafntefli 2:2. Brottfluttir eru klæddir Harðarbúningi. Fremri röð frá v.: Niels Guðmundsson, Guðm. I. Guðmundsson, Kristmundur Bjarnason, Högni Þórðarson, Sigurður Th. Ingvásson, Kristmundur Gíslason, Jóel Þórðarson, Haukur Sigurðsson, Samúel Jónsson, Gunnar Sumarliðason, Kristján Jónsson, Guðmundur Ingibjartsson, Magnús Jó-

hannsson. Aftari röð frá v.: Jens Kristmannsson, línuvörður, Karl Einarsson, línuvörður, Friðrik Bjarnason, dómari, Hrólfur Sigurjónsson, Magnús Kristjánsson, Jón Ivarsson, Garðar Hinrikss., Bolli Gunnarss., Albert Sanders, Guðmundur Benediktsson, Herbert Sigurjónsson, Magnús Guðmundsson, Magnús Guðjónsson, Guðmundur L. Þ. Guðmundsson, Sveinn Eliasson, Jens Guðjónsson, Haukur Benediktsson, Gísli B. Kristjánsson, Halldór Magnússon.

starfi, og starf Knattspyrnufélagsins Harðar er einmitt sýnishorn af félagsskap þar sem starfið hefur borið mikinn og ánægjulegan árangur.

Um gildi Íþróttaverðs er ég fáorður, en ég þykist mæla það af minni reynslu, og vona að ég geti mælt það fyrir hönd allra þeirra, er ég átti samneyti við á Ísafirði þessi ár, að starfið í Íþróttahreyfingunni hafi gefið

okkur öllum ógleymanlegar minningar um góða féлага og vini. Starfið og leikurinn hefur ekki sízt orðið okkur aflgjafi á lífsleiðinni.

Harðverjum öllum sendi ég beztu kveðjur og afmælisóskir og vona að Hörður og Harðverjar verði ætíð bæjarfélagi sínu til sóma í framtíðinni, sem hingað til.

Guðmundur Benediktsson.



Kveðja frá gömlum félögum

Við undirritaðir, sem störfuðum í Knattspyrnufélaginu Herði um lengri eða skemmri tíma á ýmsum aldursskeiðum félagsins, sendum okkar beztu afmælis- óskir á þessum tímamótum í sögu Harðar

Við minnumst með hlýhug samverustundanna við iðkun íþróttá á vegum Harðar. Við minnumst sigranna og ósigranna á leikvelli í hópi góðra félaga. Þessar minningar hafa orðið mörgum okkar ómetanlegt veganesti í erilsömu lífi síðar.

Við óskum Harðverjum gæfu og gengis í leik og starfi á komandi árum.

Albert Karl Sanders
 Albert (Alló) Sigurðsson
 Aðalheiður Guðmundsdóttir
 Aðalsteinn Guðjónsson
 Axel Gíslason
 Arni Jónasson
 Ásgrímur Benediktsson
 Ásgeir Einarsson
 Arni Höskuldsson
 Bjarni Bachmann
 Bolli Gunnarsson
 Björn Ragnar Bjarnason
 Baldur Jónsson
 Edda Konráðsdóttir
 Einar Gunnarsson
 Elías Helgason
 Elísa Kristjánsdóttir
 Elí Ingvarsson
 Erling Hestnes
 Erlingur Helgason
 Einar Ásgeirsson
 Erlingur Guðmundsson
 Finnbjörn Þorvaldsson
 Friðrik Guðmundsson
 Friðrik Ottósson
 Gunnar Helgason
 Guðmundur Benediktsson
 Guðmundur Ketilsson
 Guðlaug Guðjónsdóttir
 Guðmunda Guðmundsdóttir
 Guðbjörg Kristjánsdóttir
 Gísli B. Kristjánsson
 Guðriður Matthíasdóttir
 Garðar Hinriksson
 Guðmundur Rósmundsson
 Guðm. Margeir Guðmundsson

Garibaldi Einarsson
 Guðmundur Hermannsson
 Guðmundur L. P. Guðmundss.
 Guðmunda Sumarliðadóttir
 Guðmundur Guðmundsson
 Hávar Benediktsson
 Hjörleif Þórðardóttir
 Haraldur J. Hamar
 Halsteinn Sverrisson
 Hrólfur Benediktsson
 Herbert Sigurjónsson
 Hrólfur Sigurjónsson
 Halldór Gíslason
 Hilmar Ólafsson
 Hörður Helgason, sendiráðsr.
 Ingvar Jónasson
 Íslaug Aðalsteinsdóttir
 Inga Þóra Herbertsdóttir
 Indriði Guðjónsson
 Ísak Sigurgeirsson
 Jón Ólafur Jónsson
 Jónas Björnsson
 Jakobína Jakobsdóttir
 Jón Erlendsson
 Jóhann Jóhannsson
 Jónína Einarisdóttir
 Jón Björnsson
 Jónas Þór Guðmundsson
 Jón Simonarson
 Jens Guðjónsson
 Jón Ivarsson
 Jóel Sigurðsson
 Jakob Ólason
 Jens Sumarliðason
 Jónína Kristjánsdóttir
 Karl Adólfsson

Karvel Sigurgeirsson
 Kristján Jóhannsson
 Karl Bjarnason
 Karl Salómonsson
 Kristinn Ó. Karlsson
 Karólína Guðmundsdóttir
 Kjartan Guðmundsson
 Kristmundur Jakobsson
 Marla Bibi Guðmundsdóttir
 Magnús Baldvínsson
 Magnús Guðjónsson
 Margrét Kristjánsdóttir
 Oddur Óssurarson
 Ólafur Einarsson
 Óskar Sumarliðason
 Páll Guðmundsson
 Pétur Sigurgeirsson
 Rannveig Jónasdóttir
 Rebekka Kristjánsdóttir
 Rögnvaldur Þórðarson
 Samúel Helgason
 Sigurður Adólfsson
 Steinhórn Jakobsson
 Sigríður Hagalín
 Sigurjón Herbertsson
 Sigurjón Hrólffsson
 Skarphéðinn Magnússon
 Steinólfur Adólfsson
 Sveinbjörn Kristjánsson
 Sveinn Eliasson
 Salóme Guðmundsdóttir
 Þórarinn Helgason
 Þorvaldur Sigurgeirsson
 Þórður P. Kristjánsson
 Þorvaldur Árnason
 Þórhallur Leósson



SJÁLFSTÆÐIHÚSIÐ

a u l ý s i r :

Tökum að okkur matar- og kaffiveizlur.

Leigjum út sali til hvers konar fundahalda, dansleikja og skemmtana.

Lipur og góð þjónusta.

Reynið viðskiptin.

Sjálfstæðishúsið

Sími: 62

Ísfirðingar Vestfirðingar

Enn þá eru flest húsgögn hjá okkur á gamla verðinu.

Hagsýnir kaupa á gamla verðinu.

Kaupið húsgögnin núna áður en þau hækka.

Húsgagnaverzlun

Ísafjarðar.

HÚBYGGJENDUR!

Athugið nógu tímanlega um efniskaup fyrir sumarið.

Það er örugglega of seint, þegar smiðirnir eru mættir til vinnunnar.

Timburverzlunin BJÖRK
ÍSAFIRÐI.

OLSEN niðursuðuvörur
tryggja gæðin.

O. N. OLSEN

Ísafirði

Sími: 416



Framkvæmir uppsetningu og
viðgerðir neta og nóta.

Efni fyrirbyggjandi.

Símar: 332 - 342 - 413.



LÍFTRYGGING er bezta gjöfin.

Í önn dagsins vill oft gleymast að hugsa um framtíð eiginkonu og barna, ef fjölskyldufaðirinn fellur frá.

VERÐTRYGGÐ LÍFTRYGGING hentar sérlega vel hér á landi, þar sem verðbólga hefur komið í veg fyrir eðlilega starfsemi líftrygginga. Tryggingarupphæðin og íðgjaldið hækkar árlega eftir vísitölu framsærslukostnaðar.

ÍÐGJALD er mjög lágt, t. d. greiðir 25 ára gamall maður kr. 1.000.00 á ári fyrir líftryggingu að upphæð kr. 248.000,00.

Hringið strax í síma 38500 eða í næsta umboðsmann og fáið nánari upplýsingar um þessa hagkvæmu líftryggingu.

LÍFTRYGGINGAFÉLAGIÐ ANDVAKA

ARMÚLA 3 - SÍMI 38500

Eftirtaldir aðilar senda
Harðverjum beztu
hamingjuóskir í tilefni
50 ára afmælis Harðar.

Norðurlanginn h.f.

Isafjarðarapótek

Þórólfur Egilsson
rafvirkjameistari.

Einar Högnason
skóverzlun og
vinnustofa.

SPORTFATNAÐUR

Stærsta úrval á
Vestfjörðum fyrir konur
og karla á öllum aldri.

EINAR & KRISTJÁN
Isafirði — Sími 85.



Innlendar og erlendar
bækur, blöð og tímarit.
Leikföng alls konar.
Sportvörur í úrvali

Bókabúð
MATTHÍASAR BJARNASONAR
Isafirði



TILKYNNING

Frá Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði.

Bókasafnið hætti útlánum 23. maí s.l. Bókum, sem þá eftir er að skila, verður veitt móttaka á venjulegum útlánatíma frá 24.—31. maí að háðum dögum meðtöldum.

Eftir það verða bækur sóttar heim til þeirra, sem þá eiga eftir að skila, og ber þeim þá að greiða 30 krónur á hverja bók, sem til þeirra þarf að sækja.

Foreldrar og aðstandendur barna hera ábyrgð á þeim bókum, sem þau hafa að láni úr safninu.

FAGRANES

fer yfir sumarmánuðina aukaferðir í Ögur með farþega og bifreiðir eftir því, sem eftirspurn er og skipið getur annað.

Skipið er leigt til hópferða.

HF. DJÚPBÁTURINN

ÍSAFIRÐI — Sími 155.

Húsnæði ávallt til leigu fyrir fundi, leíksýningar og dansleiki.

KVIKMYNDASÝNINGAR

ALPÝÐUHÚS ÍSFIRÐINGA

ÍSAFJARÐARBÍÓ

Sími 202.

Tek að mér málningarvinnu, úti og inni.

Vanir menn - Vönduð vinna.

FRIDRIK BJARNASON

Sími: 306.

ÍSFIRÐINGAR

VESTFIRÐINGAR

Munið okkar vinsælu og hagkvæmu ferðir, sex sinnum í viku til og frá Reykjavík.

Afgreiðsla á Ísafirði:

Guðbjarni Þorvaldsson,
sími 136.

Viðgerðarverkstæði:

Hafrafelli, sími 118.

GUNNAR & EBENEZER hf.

Ísafirði

Símar: 304 - 391 - 387.



Einar Guðfinnsson h.f.

Bolungarvík

INN- OG ÚTFLUTNINGSVERZLUN
ÚTGERÐ - FISKIKAUP



HEILBRIGÐUR ÍPRÓTTAANDI
VEKUR ÞREK OG ÞRÓTT
TIL STARFA.

HAMINGJUÓSKIR TIL „HARÐVERJA

Íshúsfélag Ísfirðinga hf.

Ísfirðingar — Vestfirðingar
NES niðursuðuvörur er trygging
fyrir góðri vöru

Niðursuðuverksmiðjan Torfnesi



FÉLAGSHEIMILIÐ HNÍFSDAL
SÍMI: 645.

Leigjum húsnæði fyrir:
Fundi — Dansleiki —
Kvikmyndasýningar o. fl.
*Húsnæðið sérlega vistlegt
og skemmtilegt.*

Framkvæmdastjóri:
Guðmundur Þórðarson
Símar: 597 og 98.

**ÍSFIRÐINGAR —
VESTFIRÐINGAR**

Munið smurstöð **SHELL**
við Suðurlandsbraut
Fljót og góð afgreiðsla

ÓSKAR SUMARLIÐASON

PRENTSTOFAN ÍSRÚN HF.

SENDIR HARÐVERJUM

BEZTU HAMINGJUÓSKIR


Á FIMMTUGSAFMÆLI FÉLAGSINS.



**SKÓFATNAÐUR**

Gummistígvél
 Strigaskór
 Gummiskór
 Inniskór
 Kvenskór
 Barnaskór
 Karlamannaskór
 Knattspyrnskór

Skóverzlun Leós hf.
Ísafirði.



Ísafirði
Sími 416

Verzlun:

Raftæki
 Ljósataeki
 Ljósmyndavörur
 Búsáhöld
 Gjafavörur
 Reiðhjólavörur
 o.fl. o.fl.

Rafmagnsverkstæði:

Nýlagnir og viðgerðir
 í húsum, skipum, bátum.
 Viðgerðir á
 heimilistækjum.

NEISTI hf - Ísafirði

**Hef umboð fyrir neðantalin fyrirtæki:**

Smjörlíki hf.

Sanitas hf.

Gunnar Jónsson, mayonnes og sósur

Lakkrísgerðin Lómur sf.

Góa hf., sælgætis- og efnagerð

Móna, sælgætisgerð

Ólafur Guðnason, Wrigley's tyggigummi

Kristmundur Gíslason*Sundstræti 22 — Sími 252 — Ísafirði***G. E. Sæmundsson og synir***Aðalstræti 17 — Ísafirði — Sími 47 Pósth. 120***FRAMKVÆMUM:**alls konar málningarvinnu
utan húss og innan.**VERZLUM**

með málningarvörur og veggfóður.

ESSO-NESTI ÍSAFIRÐI

ESSO-benzín, gasolía, smuroliur.

Atlas, Holts og Simoniz-bílavörur.

Öl, gosdrykkir, tóbak, sælgæti, heitar pylsur
harðfiskur, filmur í flestar myndavélar,
vinnuvettlingar, hárlakk, nylon-sokkar og
sokkabuxur og margt fleira.

Afgreiðsla fyrir:

*Fólksbílastöðin sími 418**Vörubílastöðin sími 19*Opið alla daga
til kl. 23,30, nema í
matmálstímum og um
stórhátíðir.



Bankinn tekur á móti sparifé og greiðir af því hæstu vexti, eins og þeir eru almennt á hverjum tíma.

Annast öll bankaviðskipti innan lands og utan.

Eldtraust geymsluhólf til leigu.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI



LANDSBANKI ÍSLANDS

Önnumst öll bankaviðskipti innan lands og utan.

Aukið sparnaðinn og tryggið afkomu og framtíð þjóðarinnar.

Athugið að ávallt eru til leigu ýmsar stærðir af eldtraustum geymsluhólfum.

Kynnið yður enn fremur kosti hinna hagkvæmu og vinsælu næturhólfa.

LANDSBANKI ÍSLANDS
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI




Verzlun Björns Guðmundssonar hf.

Sími 32 — Ísafirði



Allt í ferðalagið
Ávextir
Kex í miklu úrvali
Hreinlætisvörur.



Matvörur
Kjötörur
Mjólkurörur
Vefnaðarörur
Búsáhöld
Gjafavörur

Kaupfélag Ísfirðinga



Veiðarfærin eru komin
VEIÐISTENGUR

með 2 ára ábyrgð

VEIÐIHJÓL

spinnhjól og fluguhjól

VEIÐILÍNUR

gírni og flugulína

SPUNAR og **FLUGUR**

SÖKKUR og **FLOT**



Bókaverzlun
Jónasar Tómassonar

SIÐR 123 OG 200 — PÓSTHÓLF 123 — ÍSAFIRÐI



PÓLLINN HF

RAFÞJÓNUSTA · RAFTÆKJASALA
ADALSTRÆTI 9 — ÍSAFIRÐI

S E L J U M :

Alls konar heimilistæki.

Kæliskápa --- Þvottavélar --- Hrærivélar

Ryksugur — Sjónvörp — Viðtæki

Sjáum um viðgerðarþjónustu á öllum okkar vörum.



Hf. Smjörlikisgerð Ísafjarðar

Sími 1 — Stofnuð 1925 — Pósthólf 38

Framkvæmdastjóri **Samúel Jónsson**, sími 194

Hefur yfir fjörutíu ára reynzlu á framleiðslu

**Stjörnu-smjörlikis — Sólar-jurtafeiti og
bakarasmjörlikis.**

REYNIÐ VIÐSKIPTIN

ÁSKORUN TIL BÆJARBÚA

Ísfirðingar, látið ykkur vera umhugað um að bærinn okkar sé þrifa-
legur og þokkalegur.

Hreinsið vel húsalóðir og garða og fjarlægjið allt rusl.

Málið hús og girðingar.

Rífið skúra og kofa, sem víða eru til hinnar mestu óprýði og byggðir
í heimildarleysi.

Kastið ekki frá ykkur rusli á almannafæri og fjörur.

Snúið ykkur til bæjarverkstjóra, ef þið óskið aðstoðar við að fjarlægja
rusl.

Vakin er athygli á því, að frá 15. maí til júliloka verður sorpsvæði
bæjarins opið sem hér segir:

Mánudaga, fimmtudaga og laugardaga frá kl. 13,00 til kl. 21,00

Þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 9,00 til kl. 18,00

Ísafirði, 9. maí 1969.

BÆJARSTJÓRI.



TRÉSMIÐJAN VÍÐIR AUGLÝSIR:

Stærsti húsgagnaframleiðandi landsins býður yður nú sem fyrr upp á stærsta húsgagnaúrval, sem til er á einum stað. Gjörið svo vel og lítið inn til okkar og skoðið hið mikla úrval.


Verzlið þar sem úrvalið er mest og kjörin bezt.

Verzlið í Víði.

Trésmiðjan
VÍÐIR H.F.

Laugaveg 166

Símar: 22 2 22 - 22 2 29



Ksf. HÖRÐUR Ísafirði

Heillaóskir og þakkir fyrir vel heppnuð íþróttastörf í hálfu öld.

Beztu framtíðaróskir.

Íþróttahúsið

Sundhöll Ísafjarðar



AEG og BOSCH heimilistæki

Góðir greiðsluskilmálar!

TELEFUNKEN

sjónvarpstæki

Verzlunin

KJARTAN R. GUÐMUNDSSON,

Ísafirði

Ávallt kökur og brauð í miklu úrvali

Öl og sælgæti

Emmess-Ís

Búbbabakarí

Fjúgið með mér



Fjúgið í hinum góðkunnu
Rolls Royce flugvélum Loftleiða
þægilegar hraðferðir
heiman og heim



Umboðsmaður: ÁRNI MATTHÍASSON - Sími 700 - Ísafirði



FAXARNIR

Í

FARARBRODDI

 **FLUGFÉLAG ÍSLANDS**